ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 6.tbl.3.árg.1974

VERÐ: 50 kr.

Lögbannskrafa KSML

Það kom heldur betur í ljós hverjum lýðræðið er ætlað í borgaralega þjóðfélaginu nú fyrir skömmu.
Í takmarkalausri ást sinni og virðingu fyrir lýðræðinu, spýr borgarastéttin ösku og gjalli áróðurs um frelsi frjálsra skoðana í hinu fullkomna og stórkostlega lýðræðisþjóðfélagi Lýðveldisins Íslands. Borgarastéttin gengru meira að segja svo langt, að lögfesta reglur lýðræðisins, svo allur almenningur og verkalýður þessa lands geti nú verið viss um ágæti þjóðfélagsins og heiðarleika.
Sem kunnugt er rekur íslenska auðvaldskerfið einokunarfyrirtæki og áróðursapparat þar sem ríkisútvarpið er.
Einnig um Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, gilda þessar mergjuðu reglur, sem ætlaðar eru til að auka á tröllatrú verkalýðsins gagnvart lýðræðinu. Í 3. gr. útvarpslaganna segir þannig orðrétt:

"Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum." (undirstrikun okkar).

Nú þetta lítur svo sem ljómandi vel út, að minnsta kosti á prenti, en hvernig er lýðræðið í raun, og fyrir hvern?

Samkvæmt útvarpslögunum er það útvarpsráð sem ákveður endanlega útvarpsefni. (6.gr.). Útvarpsráð er kosið af Alþingi og þar sitja því eingöngu einhverskonar hagsmunapáfar þingflokkanna. Þegar kemur að kosningum, ákveður útvarpsráð að einungis þeirra flokkar skuli fá að tala og "ræða málin" einir, án þess að Kommúnistasamtökin m-l og aðrir sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum fái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
Flott lýðræði það.
Eða á kannski ekki að taka neitt mark á áðurnefndri 3.grein útvarpslaganna?
Jú, auðvitað, því að í 6.gr. segir nefnilega að útvarpsráð setji reglur eins og þurfa þykir til gæslu þess að áðurnefndri 3.grein sé fylgt.
Þegar Kommúnistasamtökunum m-l er bannað að taka þátt í umræðum um þjóðfélagsmál í ríkisútvarpinu, er útvarpsráð ekki að hafa fyrir því að fara eftir sérstökum lýðræðisreglum.
Lýðræðið er nefnilega ekki fyrir Kommúnistasamtökin, það er ekki fyrir sjónarmið verkalýðsstéttarinnar heldur einungis fyrir sjónarmið borgaranna og fulltrúa þeirra í útvarpsráði.

Sem dæmi um það hvernig útvarpsráð leikur sér að þeim reglum sem það á lögum samkvæmt að fara eftir, má nefna eftirfarandi. Útvarpsráð hefur bannað öllum frambjóðendum til almennra kosninga sem skipa fyrstu og allt fram að miðju sæti á listunum að tala í Ríkisútvarpið, sem einstaklingar eftir að kunnugt er orðið um framboðið. Það skýtur því dálítið skökku við, þegar fimm frambjóðendur til Alþingiskosninga og fulltrúar í útvarpsráði ákveða að einungis þeir og þeirra flokksfélagar fái að taka þátt í umræðum í útvarpi vegna alþingiskosninganna nú.
Vegna þeirra ótvíræðu lagabrota, sem útvarpsráð hafði í frammi gagnvart þeim listum sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum, ákváðu Kommúnistasamtökin m-l að sannreyna lýðræðið á öðrum sviðum. Menntamálaráðherra, sem sakir stöðu sinnar er æðsti yfirmaður Ríkisútvarpsins, var send formleg kæra vegna ákvörðunar útvarpsráðs. Af alkunnu lítillæti sínu sá ráðherra víst ekki ástæðu til þess að svara slíkri kæru, því enn hefur ekkert svar borist.

Lögreglan sér um að framfylgja hagsmunum borgarastéttarinnar – hún er hluti af kúgunartækinu. Þetta kom glöggt í ljós þegar úrskurðurinn í lögbannsmálinu var kveðinn upp – til að árétta úrskurðinn var lögregla kvödd út og látin slá hring um sjónvarpshúsið. Útsendingin á áróðri borgaralegu kjaftaskúmanna sem voru á atkvæðaveiðum hver fyrir sinn flokk fór því fram undir vernd lögreglunnar og þannig tryggt að lögbrot útvarpsráðs næði fram að ganga.
Ótti lögreglunnar við árás KSML á sjónvarpshúsið var auðvitað ástæðulaus – íslenskur verkalýður getur ekki framfylgt vilja sínum í dag með valdi. Það er borgarastéttin sem framfylgir vilja sínum með valdi ef þörf krefur eins og ofannefnt dæmi sýnir.

KSML sáu sig því tilneydd til að kanna raunverulegt gildi laga þeirra sem Alþingi setur, þ.e. að kanna hvort það gæti átt sér stað að lýðræðið væri einnig fyrir okkur. Við kröfðumst fógetúrskurðar fógetans í Reykjavík, og förum einu leiðina til réttar okkar, ef einhver væri, með lögbannsbeiðni.
Lögbann er athöfn sem fógeti framkvæmir til varnar þess að athöfn sem felur í sér lagabrot eigi sér stað, eða nái fram að ganga. Þegar fógeti hafði kannað lögbannsbeiðnina vegna þessara ótvíræðu lögbrota útvarpsráðs á ofannefndri 3.gr. kvað hann upp úrskurð sem á engan hátt tekur efnislega afstöðu til lagabrotsins.
Í úrskurðinum stendur:
"Í lögbannsmáli þessu verður ekki lagður á það neinn dómur, hvort rétt var að neita Kommúnistasamtökunum marxistunum-lenínistunum um kynningartíma til jafns við sum önnur stjórnmálasamtök, sem bjóða fram við alþingiskosningarnar. En þó segja mætti að samtök þessi séu að einhverju vanhaldin af útvarpsráði í þessu efni, leiðir engan veginn af því að þau eigi rétt til að kynningar annara stjórnmálasamtaka skuli falla niður."
Þó fógeti skynji að við séum að einhverju vanhaldin af útvarpsráði þá gerir hann sér ekki grein fyrir því eða vill ekki gera sér grein fyrir því að lögbrotið felst einmitt í því að mismuna flokkum og sýna hlutdrægni í verki með því að leyfa öðrum en banna okkur. Lögbannsúrskurðurinn er því enn ein staðfesting á því, að lög eru einungis til þess samin að kúga meirihlutann í þágu minnihlutans. Kúga verkalýðinn í þágu borgarastéttarinnar. Lýðræðið, sem borgarastéttin státar svo af, er einungis henni sjálfri ætlað – vilji verkalýðurinn notfæra sér lýðræðið umfram það sem borgarastéttin telur sér í hag, þá kemst hann strax að því að það er ekki fyrir hann.
-/ST

Viðtöl við frambjóðendur KSML



Sigurður Jón Ólafsson, sem skipar 2. sæti á lista Kommúnistasamtakanna, og Konráð Breiðfjörð Pálmason, sem er 10. maður á listanum, vinna báðir í álverksmiðjunni í Straumsvík. Við náðum tali af þeim um daginn og lögðum fyrir þá nokkrar spurningar varðandi kosningabaráttu KSML.

– Hvaða gildi hefur framboð KSML til alþingiskosninganna?

SJÓ: Það hefur fyrst og fremst áróðurslegt gildi; við fáum með þessu tækifæri – af skornum skammti að vísu – til að koma hinni kommúnísku pólitík á framfæri við allan þorra verkalýðsstéttarinnar í gegnum fjölmiðla. Úrslit kosninga í kapítalísku þjóðfélagi eins og þessu getum við hins vegar aðeins metið á þann hátt, að þau sýna okkur aðeins hver pólitískur þroski verkafólks almennt er. Framboð KSML er einskonar liðskönnun; með því getum við komist að raun um, hvern stuðning okkar kommúníska pólitík nýtur meðal verkafólks og stuðningsmanna verkalýðsstéttarinnar, og ennfremur, með tilliti til kosninga í náinni framtíð, hvernig fylgisaukningin við málstað kommúnismans er frá ári til árs.

– Það hefur verið sagt, að með framboði ykkar séuð þið að kljúfa vinstrihreyfinguna.

KBP: Það er ekki verið að berjast um vinstri eða hægri stefnu í stjórnmálunum, heldur stendur baráttan um völdin í þjóðfélaginu á milli verkalýðsstéttarinnar og borgarastéttarinnar. Alþýðubandalagið er fjarri því að vera einhver valkostur fyrir verkalýðinn; það hefur margsinnis sannað svik sín við verkalýðsstéttina með því að binda hana á klafa borgaralega þingræðisins og haldið henni frá allri sjálfstæðri skipulagningu. Alþýðubandalagið starfar þannig eingöngu innan ramma auðvaldsskipulagsins. Innan Fylkingarinnar rúmast alls konar skoðanir; þar má finna hentistefnumenn allra tegunda, stjórnleysingja, þjóðrembingssósíalista o.s.frv. Þeir tala um að endurreisa verkalýðshreyfinguna og snúa vörn í sókn og jafnvel að byggja þurfi sósíalískt þjóðfélag á Íslandi, en þeir afneita vopnaðri valdatöku verkalýðsins og því forystuafli, sem eitt getur leitt hann til sigurs yfir borgarastéttinni – kommúnistaflokknum.

– Að hvaða leyti sker KSML sig frá öðrum flokkum, hvað snertir áróður þeirra og skipulag?

SJÓ: Kommúnistasamtökin eru eina pólitíska afl verkalýðsstéttarinnar í dag og þau taka einhliða og óskipta afstöðu fyrir hagsmuni verkalýðsins. Þau standa á grundvelli hugmyndafræði verkalýðsstéttarinnar, marxismanum-lenínismanum, sem mótast hefur gegnum árin af þeirri reynslu, sem barátta verkafólks um heim allan hefur öðlast. Skipulag KSML miðar fyrst og fremst að því að mynda náin tengsl við verkalýðinn þar sem hann starfar í framleiðslunni og byggja sellur á vinnustöðunum, en slíkar sellur eru lífæð allra kommúnískra samtaka og flokka.

– Er pólitísk vakning meðal verkamanna hérna í Straumsvík?

KBP: Almennt séð er pólitísk meðvitund þeirra á fremur lágu stigi, en þeir finna æ betur, hvernig kjör þeirra fara versnandi og flokkarnir sem þeir treysta megna ekki að gera þeim lífið léttara. Þá vantar forystuafl, eða leiðsögn, til að beina óánægju þeirra inn á braut meðvitaðrar baráttu gegn þjóðfélagskerfinu. Það er aftur á móti hlutverk okkar, kommúnískra verkamanna, að beina þessari óánægju í farveg byltingarsinnaðrar stéttabaráttu. Pólitík KSML hefur styrkst mjög hér í Straumsvík, sem lýsir sér m.a. í stofnun sellu hér á staðnum. Og þeir eru sífellt fleiri, sem fengið hafa áhuga á að kynna sér stefnu og pólitík samtakanna. -/HH

Gunnar Andrésson er efsti maður á lista Kommúnistasamtakanna. Hann er formaður miðstjórnar samtakanna. Gunnar er rafvirki og vinnur hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hann svarar hér nokkrum spurningum Stéttabaráttunnar um framboð KSML.

– KSML hafa sagt að Alþingi væri valdalaus kjaftasamkunda. Hvers vegna bjóða samtökin þá fram í kosningunum?

GA: KSML voru ekki fyrst til að uppgötva, að borgaralega þingið er engin framkvæmdastofnun, heldur aðeins kjaftasamkunda. Karl Marx sýndi fram á þetta fyrir um 100 árum og síðan hefur það verið sannað í allri meiriháttar byltingarbaráttu verkalýðsins. Hinar raunverulegu framkvæmdastofnanir eru iðnaðar- og bankaráðin, framkvæmdaráð ríkisvaldsins, dómstólarnir og herráðin. Til þessara framkvæmdaráða ríkisvaldsins og fjármálaauðvaldsins er ekki kosið í þessum valdamiðstöðum ekki kosið – í þessum valdamiðstöðum sitja óafsetjanlegir fulltrúar kapítalismans. Þannig er borgaralega lýðræðið; alþýðunni er gefin kostur á að velja sér böðla arðránskerfisins. En nú í fyrsta skipti um 40 ára hlé gefst verkalýðsstéttinni kostur á að velja fulltrúa úr sínum röðum á borgaraþingið. Ekki til að túlka hagsmuni auðvaldsins heldur verkalýðsins og afhjúpa borgaralega þingræðið innan frá í sjálfu Alþingi.

– Hvaða hlutverki gegna kosningar í borgaralega lýðræðinu?

GA: Kosningarnar eru hluti af blekkingarleiknum í borgaralega lýðræðinu, því það myndi líta mjög illa út fyrir ásjónu borgaralega lýðræðisins, ef þeirri blekkingu væri ekki haldið á lofti, að ákvörðunarvaldið lægi ekki að einhverju leyti hjá alþýðunni. Með

frh. á baksíðu

Hversvegna kýstu KSML?



Rúnar Þórarinsson er 24 ára verkamaður, sem vinnur í Straumsvík. Hann er stuðningsmaður framboðslista KSML.

– Hvers vegna kýstu K-listann?

RÞ: Einfaldlega vegna þess að ég er fylgjandi stefnu Kommúnistasamtakanna. Þetta eru einu samtökin, sem berjast fyrir verkalýðinn gegn auðvaldinu og hafa uppbyggingu kommúnistaflokks og sósíalíska byltingu á stefnuskrá sinni. Ef maður á ekki að vera arðrændur og kúgaður alla sína æfi, þá er eina lausnin að byggja sósíalískt þjóðfélag á Íslandi.

– Nú hefur þú haft ýmislegt af "verkalýðsforystunni" að segja. Hvernig finnst þér hún snúa sér gagnvart málefnum verkafólks?

RÞ: Í stuttu máli, þá starfar hún alls ekki fyrir verkalýðinn. Hún hefur lítið sem ekkert gert í því að berjast fyrir brýnustu hagsmunamálum verkafólks, hvað þá að leiða verkalýðinn í átt til sósíalismans. Þessir menn voru róttækir hér áður fyrr, en nú hafa þeir gengið auðvaldinu á hönd. Ég veit dæmi þess, að hjá Dagsbrúnarforystunni hefur viðgengist klíkuskapur; t.d. þegar Búrfellslínan var lögð, þá fengu þeir einir vinnu, sem voru nánir kunningjar Guðmundar J.

– Alþýðubandalagið hefur í áróðri sínum nú fyrir kosningar fullyrt, að kaupmáttur verkamannalauna hefði aldrei verið meiri en í tíð "vinstri" stjórnar.

RÞ: Því fer fjarri. Þó að kaupið sjálft hafi hækkað, þá hefur vöruverðið stigið enn þá meira, þannig að raunlaunin eru minni en áður var.

– Hvernig vaknaði áhugi þinn á pólitík KSML?

RÞ: Í fyrsta lagi í gegnum kynni mín við einstaka félaga í samtökunum og síðan þegar ég fór að hugleiða skoðanir þeirra og setja þær í samhengi við eigin reynslu og ástandið í þjóðfélaginu almennt. Það verður ekki um mannsæmandi líf að ræða í þessu þjóðfélagi, nema einhverjir taki af skarið og svipti auðmennina öllum völdum og það er aðeins verkalýðsstéttin, sem getur steypt auðvaldinu, því hún skapar öll verðmæti þjóðfélagsins. Einu samtökin, sem vinna markvisst að því að sameina alla verkalýðsstéttina gegn arðráns- og kúgunarskipulaginu og fyrir sósíalísku byltinguna eru Kommúnistasamtökin. Þess vegna skora ég á allt stéttvíst verkafólk að kjósa K-listann. -/SJÓ

LEIÐARI Leiðarinn túlkar afstöðu miðstjórnar.

Baráttan gegn hentistefnunni

"Stéttabaráttan kemur fram á öllum sviðum þjóðfélagsins og þá ekki síst innan samtaka og hreyfinga verkalýðsstéttarinnar. Að afneita því væri að afneita þýðingu stéttabaráttunnar sem höfuðdrifkrafts þróunarinnar. Innan kommúnistaflokksins, æðstu skipulagsmyndar verkalýðsins, kemur stéttabaráttan fram í baráttu milli hinnar framsæknu kommúnísku línu og frávikstilhneiginga og stefna af ýmsu tagi. Í gjörvallri sögu heimshreyfingar kommúnista eru dæmi um slíka baráttu, stéttabaráttu, innan flokks verkalýðsins. Sífellt koma upp skoðanaárekstrar, þar sem kommúníska línan á í harðri baráttu við allskonar hentistefnufrávik. Hentistefnumenn allra gerða reyna sífellt með ýmiskonar ráðum að svæfa baráttuhug verkamanna og draga úr broddi baráttustefnu kommúnistaflokkanna." (Rauði fáninn nr. 3-4 '73, bls. 25)

Þessi tilvitnun lýsir því ástandi, sem óhjákvæmilega ríkir innan heimshreyfingar kommúnista - og KSML, sem hluti þeirrar hreyfingar, geta á engan hátt verið undanskilin lögmálum stéttabaráttunnar. Á sínum stutta ferli hafa KSML þegar háð stríð við hentistefnu innan eigin samtaka í tvö skipti. Í fyrra skiptið stóð baráttan um afstöðuna til þróunarstigs íslensku auðvaldsframleiðslunnar. Þá hugðust nokkrir skólaspekingar, aðskildir frá íslenskri stéttabaráttu, gera þá skilgreiningu, að íslenska auðvaldið væri háð bandaríska auðvaldinu efnahagslega, pólitískt og hernaðarlega. Kenningar þeirra féllu ekki langt frá kenningum Alþýðubandalagsins um yfirráð erlends auðvalds og þýlyndi íslensku borgarastéttarinnar gagnvart því.

Á 1. ráðstefnu KSML um s.l. áramót var gert upp við flestar skoðanir þessara spekinga og þeim hafnað í öllum atriðum. En allar kenningasmíðar þeirra hlutu ekki þá meðferð sem þurfti - auk ofangreindra kenninga, færðu þeir fram þá kenningu, að á Íslandi ríkti svokallað korporatíft ríki. Þessi kenning (sem er gerð nánari skil í annarri grein hér í blaðinu og einnig í 1. tbl. Rauða fánans 1974) var ekki tekin til umræðu á 1. ráðstefnu KSML, en ráðstefnan lýsti því yfir, að baráttunni gegn hægrihentistefnunni væri ekki lokið (sjá t.d. leiðara 1. tbl. Stéttab. '74) og það hafa reynst orð að sönnu.

Á þeirri ráðstefnu var sameinast um ályktun varðandi starfið í verkalýðsfélögunum, sem lýsti því verkefni KSML að vinna að myndun rauðra andstöðuhópa innan verkalýðsfélaganna. Rauðu andstöðuliðin hafa það sem verkefni að afhjúpa umbótasinnuðu forystu verkalýðsfélaganna og vinna verkalýðinn til fylgis við kommúníska framvörðinn.

En þótt allir fulltrúar á ráðstefnunni hafi greitt ályktuninni atkvæði, var það ekki svo, að allir væru reiðubúnir að samþykkja hana í verki. Strax að ráðstefnunni lokinni hófust umræður innan samtakanna um línu þeirra í verkalýðsfélögunum - hvort fylgja skyldi ályktun hennar eða hvort fylgja skyldi þeirri afstöðu, sem hafði áður komið fram í blöðum samtakanna. Deilan snerist um það, hvort setja ætti fram vígorðin: Lifi ólöglegu verkföllin! og Víkjum verkalýðsfélögunum úr vegi okkar! og lýsa því yfir (eins og hafði verið gert í Stéttabaráttunni), að verkalýðsfélögin væru orðin hluti af ríkisvaldi borgarastéttarinnar - eða hvort ætti að fylgja þeirri línu, sem meirihluti félaganna var fylgjandi, þ.e. að starfa bæri að því að vinna verkalýðsfélögin undan áhrifum kratabroddanna í Alþýðubandalaginu og öðrum borgaraflokkum.

Til að leysa úr þessum málum og ná einingu innan samtakanna, var vandamálið skipulagt í námsstarf samtakanna og var málið rannsakað af öllum félögum í meir en tvo mánuði. Í því námsstarfi skýrðust línurnar mjög - það varð ljóst, að kenningar minnihlutans (sem Gústaf Skúlason var leiðandi fyrir) féllu saman við kenningar gömlu hægrimannanna, sem var gert upp við á 1. ráðstefnu KSML. Kenningarnar um að Ísland væri "sósíalfasískt" ríki skutu aftur upp kollinum í málflutningi minnihlutans innan samtakanna.

Á ráðstefnu KSML um verkalýðsmál, sem haldin var 12. apríl s.l. var samþykkt ályktun, sem hafnaði kenningum minnihlutans algjörlega - en því var jafnframt lýst yfir, að innan samtakanna væri ekki eining um málið og að framhaldandi rannsóknir og námsstarf myndi leysa málin fyrir næsta þing samtakanna. Minnihlutinn innan samtakanna reyndist ófær um að taka þessum niðurstöðum ráðstefnunnar. Gústaf Skúlason, sem foringi minnihlutans, lýsti því yfir í bréfi til meirihluta miðstjórnar KSML, daginn eftir ráðstefnuna, að hann myndi ekki skoða niðurstöður ráðstefnunnar sem bindandi fyrir sig og sína fylgismenn. (Sjá nánar í 1. tbl. Rauða fánans 1974)

Þessi yfirlýsing var upphafið að skipulagðri klofningsstarfsemi, sem klíka Gústafs tók upp í stað fræðilegu baráttunnar um þau atriði, sem deilurnar snerust um. Því fór stöðugt meir að bera á því, að Gústaf Skúlason ætlaði ekki að sætta sig við neina aðra niðurstöðu heldur en þá, að hann hefði rétt fyrir sér. Strax í upphafi fræðilegu baráttunnar hafði hann reynt að láta baráttuna snúast meir um persónur en pólitík og dreifa spurningunni um afstöðuna til verkalýðsfélaganna yfir í allar aðrar spurningar - reyna að mynda tvær afstöður í öllum málum. Í verki afneitaði GS niðurstöðum aprílráðstefnunnar og þar með fræðilegu baráttunni og hóf meðvitaða klofnings- og klíkubaráttu gegn einingu KSML.

Klíkur og klofningshópar innan kommúnískra samtaka eru hópar, sem eru ófærir um að heyja baráttu um fræðileg atriði - og grípa því þessir smáborgaralegu frjálshyggjumenn til pukurs og klíkumyndana og koma sér saman um "nýja" stefnuskrá. Og það er einmitt það sem hefur gerst innan KSML. Lítil klíka hefur klofið sig frá KSML á grundvelli þess, að þeir voru ósammála niðurstöðum ráðstefnunnar um verkalýðsmál. Þeir gengu svo langt að heimta, að KSML færði út tvær línur í málinu - og þeir kröfðust sérstaks tillits til sín í kosningaáróðrinum.

Þessi klíka, sem nú hefur verið rekin úr KSML, neitaði að hlýða aga samtakanna. Hún kom sér upp eigin skipulagi og fór sinna ferða án þess að hirða um einingu samtakanna. Klíkan barðist gegn lýðræðislega miðstjórnaraflinu og heimtaði "frelsi til gagnrýni" - frelsi undan aga samtakanna og frelsi til að ráðast gegn miðstjórn KSML í þeim tilgangi að sundra samtökunum. Í Rauða fánanum nr. 3-4 '73 er greinagóð lýsing á starfsaðferðum hentistefnumannanna:

"En hvers konar aðferðir nota hentistefnumennirnir í baráttu sinni gegn lýðræðislega miðstjórnarvaldinu og hinu kommúníska skipulagi? Hér er ekki unnt að rekja öll afbrigði aðferða þeirra, enda yrði slíkt óendanlega langt mál. En einni baráttuaðferð hafa tækifærissinnarnir beitt, sem gengið hefur gegnum árin og er sameiginleg nær öllum hentistefnukenningum, sem rísa upp innan flokksins. Það er "frelsi til gagnrýni". Og hvað þýðir kenningin "frelsi til gagnrýni" í raunveruleikanum, hvaða stéttarhagsmunum þjónar hún? Í meðhöndlan hentistefnunnar þýðir hún frelsi til handa hentistefnunni, frelsi henni til handa til að gróðursetja hugmyndir sínar innan flokksins (samtakanna), frelsi til að berjast á móti ákvörðunum meirihlutans, frelsi til að óhlýðnast vilja miðstjórnar, frelsi til klíkumyndunar o.s.frv.

Í bók sinni Hvað ber að gera? tætir Lenín í sundur þessa hentistefnukenningu og sýnir fram á hið raunverulega stéttareðli hennar. Hann segir:

'Og ef við dæmum ekki fólk eftir þeim skartklæðum, sem það færir sig í eða íburðarmiklum nöfnum sem það velur sjálfu sér, heldur eftir athöfnum þess og því, sem það í raun og veru gerist talsmenn fyrir, þá verður það deginum ljósara að "frelsi til gagnrýni" þýðir frelsi fyrir hentistefnuna meðal sósíaldemókrata (en svo nefndumst kommúnistarnir í Rússlandi, þegar þetta er ritað) frelsi til að breyta flokki sósíaldemókrata í lýðræðislegan umbótaflokk, frelsi til ígræðslu borgaralegra hugmynda og starfshátta sósíalismanum.'

Það er deginum ljósara, að í hinu borgaralega lýðræðisþjóðfélagi auðvaldsins er stöðugur þrýstingur og ásókn rotinna lýðræðishugmynda borgaranna á verkalýðsstéttina og kommúnistaflokk (samtök) hennar.

Borgararnir leitast sífellt við að útrýma kommúnsíku skipulagi innan samtaka verkalýðsins og sem beitu nota þeir rotnar lýðræðiskenningar sínar. Þessi beita er freistandi og stundum of freistandi fyrir ýmsa fjálshyggju menntamenn og aðra einstaklinga úr millihópum, sem enn hafa ekki losað sig við áhrif frá lífsvenjum og hugmyndakerfi auðvaldsins. Slíkir einstaklingar verða tíðum gróðursæll jarðvegur fyrir borgaralegu lýðræðishyggjuna og "frelsi til gagnrýni" innan kommúnistaflokksins (samtakanna). Þessir einstaklingar og hópar neita að virða hinn lenínska aga sem hver skipulagður marxisti-lenínisti verður að gangast undir. Þeir halda uppi andófi gegn ákvörðunum meirihluta félaga og neita að ræða málin út á kommúnískan hátt á opnum grundvelli. Þeir stunda skemmdarverkastarfsemi gegn miðstjórnarvaldinu, koma á fót klíkum innan vébanda samtakanna (flokksins), sem jafnvel mynda sér sínar eigin miðstjórnir. Þessir einstaklingar gera jafnvel tilraunir til að segja miðstjórnarvaldinu fyrir verkum." (RF, bls. 28 og 29)

Allar þessar lýsingar eiga við þá klíku, sem Gústaf Skúlason myndaði innan KSML. Til þess að reyna að hylja raunverulegt eðli sitt, þóttust þessir smáborgaralegu frjálshyggjumenn vera reiðubúnir að heyja fræðilega baráttu um deiluefnin. En í stað þess að setja fram skoðanir sínar, hóf klíkan upp hróp um það, að þeim væri meinað að setja fram skoðanir sínar, að skipulaginu væri beitt gegn þeim o. s. frv. Ekkert er fjarri sannleikanum. Þeim var veitt öll tækifæri til að færa fram mál sitt, bæði í námsefni samtakanna og í Rauða fánanum - en klíkan reyndist ófær um að færa fram annað en fullyrðingar um að "hlutirnir væru svona" - "Ísland er korporatíft ríki" o.s.frv.

Ein tilhneiging dylur aðra.

Í baráttunni gegn hentistefnunni innan samtakanna er ætíð hætta á því, að mistök eigi sér stað. Þegar baráttan gegn hægrihentistefnunni stendur sem hæst er ætíð hætta á "vinstri" villum - og öfugt þegar baráttan stendur gegn "vinstri" villum. Samtökin verða að leggja áherslu á þessa hættu - því reynslan sannar okkur að þessi hætta er fyrir hendi.

"Vinstri"hentistefnan er í rauninni aðeins vinstri vanginn á hægrihentistefnunni - þær eiga sér sama stéttarlega bakgrunn. "Vinstri"hentistefnumennirnir dyljast oft í baráttunni gegn hægrihentistefnunni - og ganga oft fram fyrir skjöldu. Þannig dylur ein tilhneiging aðra. Þetta hefur komið skýrt fram í baráttu kínverska kommúnistaflokksins, þegar Lin Píaó huldi undirróðursstarfsemi sína í baráttunni gegn Líú Sjá-Shí. Á sama hátt gat Gústaf Skúlason hulið hentistefnu sína í baráttu samtakanna gegn hægrihentistefnunni.

Klofningsbrölt og klíkubarátta Gústafs og fylgifiska hans hefur nú afhjúpað sig - barátta hans gegn samtökunum hefur í för með sér tímabundna erfiðleika. En ætíð þegar samtökum verkalýðsins tekst að losa sig við undirróðursmenn, þýðir það í rauninni skref fram á við. Sú reynsla, sem okkur hlotnast nú, verður til þess að gera samtökin enn hæfari til að heyja baráttuna gegn hentistefnunni á öllum sviðum.

23/6

Ályktun Reykjavíkurd

"Alræði öreiganna verður ekki náð né borið uppi, nema til sé rammbyggður flokkur með góðum aga. En járnharður agi í flokki er óhugsandi, ef ekki er eining viljans og full, skilyrðislaus samhentni í öllum störfum flokksmanna." (Bæklingurinn Um flokkinn, bls. 37)

Við skulum hafa þessi orð bolsévíkanna í huga, þegar við tökum fyrir aðgerðir Gústafs Skúlasonar & Co. eftir ráðstefnuna um verkalýðsmálin. Á ráðstefnunni var kenningum minnihlutans algjörlega hafnað sem röngum og minnihlutamenn féllust jafnvel á hluta af skilgreiningum meirihlutans, eins og til dæmis, að sósíalfasíska ríkið væri ekki sérstakt þróunarstig ríkisvaldsins. Eftir því sem á ráðstefnuna leið, kom betur og betur í ljós, að fræðilegi grundvöllurinn, sem minnihlutinn hafði byggt kenningar sínar á, var algjörlega brostinn og ekkert stóð eftir annað en fullyrðingar þeirra um að ríkisvald borgaranna hlyti bókstaflega að hafa tekið verkalýðsfélögin endanlega úr höndum verkalýðsins og tengt þau "einhvern veginn" ríkisvaldinu. Þetta leiddi síðan til þess, að sú baráttuaðferð (taktík), sem Komintern lagði upp á 2. og 3. áratugnum væri orðin úrelt (eða Fylkingarpólitík eins og þeir kölluðu hana) og nú væri komið nýtt tímabil, tímabil ólöglegu verkfallanna, sem einu leiðina í kjarabaráttunni og markmiðið með starfinu innan verkalýðsfélaganna væri að víkja þeim úr vegi. Á verkalýðsráðstefnunni var þessum kenningum GS & Co. hafnað sem rakalausum fullyrðingum og síðan samþykkt, án athugasemda frá minnihlutamönnum, að niðurstöður umræðnanna hefðu orðið þær, að ekki ríkti eining um það, hvernig tengslum verkalýðsfélaganna við ríkisvaldið væri háttað og ályktað var, að niðurstöður í þessari spurningu myndu endanlega sýna fram á, hvort þessar nýju kenningar minnihlutans væru réttar eða ekki.

Eftir ráðstefnuna áttu umræðurnar nú að vera komnar á nýtt stig þar sem búið væri að grafast fyrir um eðli málsins, sem deilt væri um og umræðurnar orðnar skipulegar, þar sem ákveðið var að opnaðar yrðu fræðilegar umræður í Rauða fánanum, þar sem báðir aðilar myndu draga fram niðurstöður sínar og þróa skýrar fram kenningar sínar, en öllum tilraunum til að gera þessar deilur persónulegar yrði umsvifalaust hætt. Þ.e.a.s. það var algjörlega bannað að reyna, eins og GS hafði margreynt, að láta umræðurnar hætta að snúast um það, sem við deildum um í pólitíkinni og fara að snúast um fullyrðingar um að hinn og þessi í liði þeirra, sem deilt var við, væri meðvitaður hentistefnumaður vegna þess að hann átti einhvern tíma að hafa gert einhverja villu (þó að það kæmi ekkert þeirri spurningu við, sem deilt var um) og með því átti að sanna, að hann væri svo varasamur, að engu orði væri trúandi, sem hann segði. Í verki hefur það sýnt sig, að GS & Co. hafa algjörlega brotið gegn öllum samþykktum um, hvernig umræðurnar færu fram og tekið upp skipulagða klofningsstarfsemi.

1. Þetta kemur fram í hentistefnu í skipulaginu - flótta frá pólitísku baráttunni. Nú leggur GS höfuðáherslu á, að verið sé að þvinga sig til að hætta fræðilegu umræðunum. Þrátt fyrir að honum sé algjörlega ljóst, að eftir ráðstefnuna hefðu umræðurnar fengið skipulagslegt form og að heyja ætti fræðilegu baráttuna opið í Rauða fánanum. Ennfremur kemur þetta fram í ferð GS og klíku hans til Akureyrar til að halda fund um mótsetninguna þar. Slíkt verður ekki skoðað sem annað en meðvituð starfsemi til að halda fræðilegu umræðunum á stigi pukurs og klíkustarfsemi, en afneita opnum og heiðarlegum umræðum í málgögnum samtakanna.

2. Klofningsstarfsemi GS kemur einnig fram í því, hvernig hann hefur reynt að teygja umræðurnar út yfir allar spurningar. Þetta tekur sér form í alyfirtækri uppskiptingu KSML í meirihluta og minnihluta í öllum spurningum, sem upp koma. T.d. á miðstjórnarfundi, þegar rætt var um, hvort ætti að hundsa kosningarnar til bæjastjórna eða skila auðu eða ógildu, tókst GS að skoða spurninguna út frá meirihluta og minnihlta og það væri enn eitt

STYÐJIÐ UPPBYGGINGU KOMMÚNISTAFLOKKSINS
Gefið í baráttusjóð KSML
Póstgíró 42000

Hafið samband við KSML

Eskifjörður: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Emil Bóasson, Hátúni, sími 6138.

Húsavík: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Þórarinn Ólafsson, Uppsalavegi 21.

Ísafjörður: Stuðningsdeild KSML, Agnar Hauksson, Tangagötu 20, sími 3651.

Neskaupstaður: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Magnús Sæmundsson, Nesgötu 5.

Reykjanes: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Hrólfur B. Ágústsson, Háaleiti 5, Keflavík.

Selfoss: Fulltrúi KSML er Ómar Harðarson, Engjavegi 42, sími 1868.

Vestmannaeyjar: Fulltrúi KSML er Ragnar Sigurðsson, Herjólfsgötu 9.

Reykjavík: KSML, Skólastræti 3B eða pósthólf 1357, sími 27800. Fulltrúi samtakanna er til viðtals á opunanartíma Rauðu stjörnunnar.

Rauða stjarnan: Skólastræti 3B, Reykjavík. Opið sem hér segir: 17-19 alla virka daga og 10-12 á laugardögum.



ÁLYKTANIR 1. RÁÐSTEFNU KSML

Niður með hægrihentistefnuna! Lifi baráttan fyrir kommúniskum byltingarflokki!





Út er kominn nýr bæklingur hjá KSML sem hefur að geyma samþykktir og niðurstöður 1. ráðstefnu KSML, er haldin var 27. - 30. des. 1973.
Í bæklingnum er að finna uppgjör við hægrihentistefnuna og samþykktir um einstök mikilvæg mál, svo sem þjóðernismálið, landhelgismálið, Atlantshafsbandalagið, afstöðuna til ríkisvaldsins og hins borgaralega flokkakerfis á Íslandi og afstöðuna til auðvaldskreppunnar.

Verð bæklingsins er 150.oo kr.

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI



STÉTTABARÁTTAN 6. tbl. 3. árg.
26. júní 1974
Útgefandi: Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Rvk.
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

eildar KSML 4. júní 74

dæmið um smáborgaralegan (jafnvel anarkískan) vingulshátt meirihlutans að vilja fara á kjörstað og skila auðu eða ógildu. (Það fór líka þannig, að GS taldi ástæðulaust að fylgja samþyktinni um að fara á kjörstað og sat heima). Á síðasta deildarfundi Reykjavíkurdeildarinnar, 12/5 '74, dró GS afstöðuna til Arthúrs-klíkunnar einnig inn í spurninguna um minnihluta og meirihluta og taldi afstöðuna til þeirrar klíku vera dæmigerða fyrir starfsaðferðir meirihlutans. Með því að gagnrýna það, að Arthúrs-klíkan sé að vasast í gögnum miðstjórnar, sé verið að reyna af hálfu meirihlutans (samkvæmt GS), að ófrægja KFMLr, og það mátti jafnvel heyra á honum, að það ætti að fara að beita KFMLr skipulagslegum þvingunum (sem einnig átti að vera dæmigert fyrir starfsaðferðir meirihlutans, samkvæmt GS). Einnig hefur GS reynt að mynda klofning milli Akureyrardeildarinnar og Reykjavíkurdeildarinnar, með fullyrðingum um, að Akureyrardeildin sé miklu betur skipulögð, vegna þess að þeir hafi rétta afstöðu til flokksbyggingarinnar, en Rvk.-deildin ekki, enda fylgdi Rvk.-deildin nær öll meirihlutanum, en Ak.-deildin minnihlutanum. Í afstöðunni til kosninganna hefur GS líka sett fram spurninguna um meirihluta og minnihluta með kröfunni um, að minnihlutinn fái sérstakan talsmann, sem túlki afstöðu þeirra. Þannig hefur GS reynt að teygja spurninguna um afstöðuna til verkalýðsfélaganna yfir öll mál og skipta samtökunum upp í tvær andstæðar fylkingar, sem ekki getur talist neitt annað en meðvituð tilraun til að kljúfa samtökin, mynda nýja stefnuskrá og nýja valdamiðstöð, sem afneitar aga og einingu samtakanna.

3. Þessi nýja valdamiðstöð - nýja miðstjórnin, hefur algjörlega hundsað skipulag og aga samtakanna og Gústaf Skúlason og Þorleifur Gunnlaugsson hafa hvað eftir annað lýst því yfir, að það væri algjörlega nauðsynlegt að mynda klíkur og Þorleifur hefur lýst því yfir á sellufundum, að minnihlutinn starfaði sem klíka. Einnig hefur GS hvað eftir annað sagt, að ef lína meirihlutans yrði túlkuð sem afstaða samtakanna út á við, myndi það þýða, að samtökin klofnuðu. Hvernig þessi nýja valdamiðstöð hefur brotið aga og einingu samtakanna kemur vel fram í því, hvernig þeir í verki neita að fylgja teknum ákvörðunum, bæði ráðstefnunnar í apríl og ákvörðunum miðstjórnar um, að þegar skuli leysa upp alla hópa, sem myndast hafa í fræðilegu baráttunni og öllu pukri og tilraunum til að draga mótsetninguna inn á persónulegt skítkast, skuli þegar hætt og fræðilega baráttan fari fram opið í málgögnum samtakanna. Þessu hefur GS & Co. neitað að hlíta og kosið að halda því til streitu að þeir beri ekki að hlíta neinum samþykktum, heldur hafi þeir fullan rétt til að samþykkja eða hafna teknum ákvörðunum að eigin vild. Í krafti þess fóru þeir til Akureyrar til að halda skipulagðan fund með Akureyrardeildinni til að svara ferð miðstjórnar til Akureyrar. Þannig skoðar þessi klíka sig sem svipaða valdamiðstöð og miðstjórnin, sem hefur ákveðnar skyldur og völd innan samtakanna. Krafa GS-klíkunnar um sjálfstæði vinnur gegn einingu KSML og er skaðleg fyrir lausn mótsetningarinnar.

4. Afstaða miðstjórnar til fræðilegu baráttunnar er sú, að heyja beri harða baráttu gegn klofningsstarfsemi GS-klíkunnar og hentistefnu þeirra í skipulaginu - fyrir einingu samtakanna í gegnum rannsóknarstarf og fræðilegar umræður í Rauða fánanum. Aðeins með því, að GS-klíkan verði leyst upp er þetta mögulegt. Þess vegna leggur miðstjórn til, að GS-klíkan verði tímabilsbundið leyst undan öllum störfum á vegum samtakanna, svo fremi að hún fallist ekki á að hætta nú þegar öllum klofningstilraunum sínum og geri ítarlega sjálfsgagnrýni á fyrri afstöðu sína til lausnar mótsetningarinnar og starfsaðferðir. Einnig að tekið verði upp í námsplani samtakanna, hvernig heyja eigi baráttu gegn hentistefnu í skipulaginu mun ítarlegar en gert hefur verið, til að sameina samtökin enn betur um rétta afstöðu til skipulagsins og fræðilegu baráttunnar.

KSML fylgir stefnu Komintern

Fræðilega baráttan sem nú fer fram innan KSML um verkalýðsmál, er um það, hver sé hin rétta afstaða kommúnista til verkalýðsfélaganna. Önnur út frá þeirri skilgreiningu, að það beri að vinna innan verkalýðsfélaganna með það markmið að breyta þeim úr afturhaldssömum stéttasamvinnutækjum í baráttutæki verkalýðsins fyrir sósíalismanum, sem styðja byltingarbaráttu kommúnistaflokksins.

"Þetta er ástæða þess, að það sem fylgir hér á eftir er ein þeirra aðferða, sem byrja verður á við undirbúninginn fyrir alræði öreiganna alls staðar og án tafar. Í öllum samtökum, félögum og samböndum án undantekningar og fyrst og fremst í öreigasamtökum, en einnig hinum sem ekki eru öreigasamtök, en eru samtök hins arðrænda og þrælandi fjölda (pólitískum, verkalýðsfélögu, hernum, samvinnufélögum, uppfræðslufélögum, íþróttafélögum o.s.frv. o.s.frv.) ætti að mynda hópa eða sellur kommúnista - helst opna hópa en einnig leynilega hópa, því hinir síðarnefndu verða höfuðatriðið, ávallt þegar ástæða er til að ætla að þeir verði bannaðir, félagarnir verði handteknir eða gerðir brottrækir af hálfu borgarastéttarinnar. Þessar sellur, sem eiga að vera í nánu sambandi hver við aðra og við miðstöð flokksins, verða að draga saman reynsluna af starfi sínu í sameiginlegan sjóð, halda áfram útbreiðslustarfinu, áróðursstarfinu og skipulagsstarfinu, aðlaga sig skilyrðislaust að öllum sviðum opinbers lífs og að öllum hlutum og hópum hins þrælandi fjölda, og eiga þannig á kerfisbundinn hátt, að skóla sjálfa sig, flokkinn, stéttina og fjöldann með aðferðum svo margbreytilegs starfs." (Inngönguskilyrðin í Komintern)

Þetta er sú afstaða, sem KSML hafa út á við til starfsins innan verkalýðsfélaganna - að hefja án tafar undirbúning fyrir alræði öreiganna með því að koma á fót rauðum andstöðuliðum innan verkalýðsfélaganna.

Minnihlutaafstaðan byggir hins vegar á afstöðu sænsku kommúnistasamtakanna (aðallega Ö. Nyström), þ.e. að verkalýðsfélögin í "nútíma" þjóðfélagi séu samvaxin ríkisvaldinu og tæki borgarastéttarinnar til að styrkja ríkisvaldið. En Ö. Nyström segir að í "nútíma" ríkisvaldi hafi lýðræðið "veðrast burt" og borgarastéttin styðji þjóðfélagslega stöðu sína með nýrri tvíhliða taktík sósíalfasisma og fasisma, sem eru tveir armar sömu hreyfingar til algjörs afturhalds, - fasismans. Með þessum "nýju" kenningum hefur svo minnihlutinn í KSML komist að þeirri niðurstöðu að það beri að "víkja verkalýðsfélögunum úr vegi" og "lifi ólöglegu verkföllin". Þessar "nýju" kenningar um verkalýðsfélögin og ríkisvaldið eru algjörlega framandi í fræðikenningu marxismans-lenínismans. Það er sett sem skilyrði að verkföll þurfi nauðsynlega að vera ólögleg til að geta þjónað hagsmunum verkalýðsins. Þetta hefur minnihlutinn reynt að skýra út frá grundvelli kenninga sinna um að verkalýðsfélögin séu samvaxin ríkisvaldinu. Þannig geti lögleg verkföll "sem þau leiða" ekki á nokkurn hátt þjónað varnarbaráttu verkalýðsins. Að gera þetta að einhverju höfuðmáli eins og minnihlutinn gerir verður að enn broslegri lögbrotsdýrkun, þegar við skoðum hver er afstaða meirihlutans til verkfalla. Hans afstaða er sú, að til þess að verkföll geti mögulega þjónað varnarbaráttunni, verði þau að byggja á sjálfstæðri skipulagningu verkalýðsins (burtséð frá því hvort þau eru lögleg eða ekki), þar sem verkamennirnir sjálfir á vinnustöðunum myndi verkfallsnefndirnar og leiði verkfallið. Þessi lögbrotsbardagaaðferð þeirra minnihlutamanna virðist því fyrst og fremst miðast við að brjóta lög borgarastéttarinnar, en ekki fyrst og frems til að verja hagsmuni verkalýðsins, eins og ætlunin ætti þó að vera. Enn alvarlegri skyssu gerir minnihlutinn með dýrkun sinni á kjarabaráttunni, því þeir gera engan mun á henni og byltingarbaráttunni og hafa ekki skilið að kjarabaráttan er borgaraleg, og getur aldrei orðið meira en "stríðsskóli en ekki stríðið sjálft" (Lenín). Það er nefnilega einmitt þannig sem minnihlutinn hefur algjörlega, með hrópum um ólöglega kjarabaráttu, ruglað saman ólöglegri byltingarbaráttu kommúnistaflokksins og kjarabaráttunni. Yfirlýsingin um að það verði að halda kjarabaráttunni hreinni og byltingarsinnaðri sýnir því ekkert annað en hræðslu minnihlutans við allt fjöldastarf eins og Komintern skilgreindi það. Með hástemmdum yfirlýsingum um geysilega byltingarpólitík fela þeir raunverulega sína ökónómísku afstöðu, en þetta eru þær aðferðir sem "vinstri" hentistefnan notar ætíð.

Framh. bls. 5

Lenín talar á 3ja þingi Alþjóðasambands kommúnista í Andreeyevsky-salnum í Moskvu, en það var einmitt Lenín, sem lagði grundvöllin að stefnu kommúnista gagnvart verkalýðsfélögunum í auðvaldslöndunum.

„Bitlingasinnarnir m-l"

Dreifiritið, sem myndin er af, er gefið út af fyrrverandi meðlimum KSML. Raunar er hér um að ræða "félaga", sem sýndu sig vera ófæra um að hlíta járnaga kommúnískra samtaka og allsendis óhæfa sem meðlimi vegna vingulsháttar og sviksemi í starfi. Þetta tvennt og metorðastrit voru einkennismerki þessarar klíku, sem safnaðist um Gústaf Skúlason og klíku- og bitlingastarfsemi hans. Sú staðreynd, að þetta fólk fellur í smáborgaralega kveinstafi yfir "stöðumissum" innan samtakanna og velur að stofna lítinn saumaklúbb þar sem skoðanaskipti og fræðileg barátta vefst ekki fyrir þeim, ber þess glögg merki af hvaða stéttarlegum toga viðleitni þeirra er. En til þess að reyna að dylja skömm sína bera þessar grátkonur íslenskrar "vinstri"hreyfingar óhróður og lygar um KSML á torg. Dreifiritið á að vekja þá hugsun meðal verkamanna, að Gústaf & Co. séu byltingarsinnar (eins og stendur undir dreifiritinu), sem háð hafi harða og réttmæta færðilega baráttu gegn "krötunum" í miðstjórn KSML og ennfremur á dreifiritið að fela hið sanna og rétta viðurnefni þeirra - bitlingasinnarnir. Þar sem þetta stangast á við raunveruleikann, verður það aðeins gert með því að hagræða sannleikanum hér og þar - allt til að ófrægja og tefja fyrir framþróun kommúnismans á Íslandi. Hvort Gústaf, sem er fyrrverandi krati sjálfur (þó hann fari sjálfsagt leynt með það), sé aftur kominn í slagtog við Alþýðuflokkinn eða ekki skal látið ósagt. En hitt er víst, að klofningsbrölt hans þjónar sömu herrum og gagnbyltingarsinnuð starfssemi Alþýðuflokksins. Lítum aðeins á "rökin", sem eiga að hylja óheiðarlega og andkommúníska klíkubaráttu Gústafs & Co.

Fyrsta lygin: Í upphafi bréfsins er því lýst yfir, með viðeigandi stóryrðum, að KSML séu klofin í tvær fylkingar: hina smáborgaralegu, sem leidd er af "rugluðum menntamönnum" og hina byltingarsinnuðu, sem leidd er af "kommúnískum verkamönnum". Má vera að Gústaf skammist sín fyrir uppruna sinn; alla vega nefnir hann ekki einu orði, að hann var upptekinn við að herma eftir kanarífuglum á fjölum framúrstefnuleikhúss fyrir aðeins fjórum árum. Hann minnist heldur ekki einu orði á, að 5 af 6 fylgifiskum hans eru annað hvort vinnandi menntamenn eða starfandi tískudrósir. Líklega er sannleikurinn of óþægilegur í þessu tilfelli til að vera að flíka honum óþvegnum.

Önnur lygin: Gústaf skrifar:

> "Krataklíkan (hér mun vera átt við miðstjórn KSML/mín aths.) vildi gera hugmynd Fylkingarinnar um að gera verkalýðsfélögin að baráttutækjum að línu KSML."

Að segja að hugmyndin um að vinna verkalýðsfélögin fyrir verkalýðinn í kapítalísku löndunum sé sprottin úr forðabúri Fylkingarinnar, er að ráðast að gervallri stefnu Leníns og Kominterns, sem J. Stalín leiddi. Þó að Fylkingin hafi rangsnúið og ruglað innihaldi þessara kenninga á sinn vanalega hátt, þýðir það ekki að KSML beri ekki að rannsaka þessa taktík Kominterns og notfæra sér hana við íslenskar aðstæður. Slíkar röksemdir leiða til þess eins, að kommúnistar gætu ekki notfært sér byltingarsinnaða taktík og stjórnlist, aðeins af því að ringlaðir smáborgarar hefðu rangtúlkað og umsnúið innihaldi þeirra!

Hvaða afstöðu hafði J. Stalín til starfsins innan verkalýðsfélaganna? Lítum á tilvitnun úr verkum hans:

> "Fyrsta verkefnið felst í því að skapa samband milli verkalýðsfélaga vorra og verkalýðsfélaga Englands, í því að skipuleggja sameiningarhreyfinguna gegn árásum auðvaldsins, í því að dýpka gjánna milli Amsterdam og ensku verkalýðssamtakanna og það verðum við að gera með öllum ráðum. Að lokum í því, að skapa þau skilyrði sem eru nauðsynleg til að sparka endurbótasinnunum út úr verkalýðsfélögunum og vinna verkalýðsfélögin í kapítalísku löndunum fyrir kommúnismann." (Um ensku sameiningarnefndina, Werke, bd. 8, bls. 164)

Eins og hver óblindur maður getur séð, eiga skoðanir Stalíns ekkert skilt, hvorki við máttlausan vaðal Fylkingarinnar eða kokhreystina í bitlingasinnunum.

Þriðja lygin: (Raunar eru lygar í hverri línu, en ég vel að taka sýnishorn í spurningunni um flokksbygginguna). Gústaf skrifar:

> "Flokksbyggingunni vörpuðu þeir fyrir róða en settu í hennar stað stefnuskrá um hvernig komast mætti í embættismannastóla ASÍ."

Reyndar var það ekki flokksbyggingin sem KSML vörpuðu fyrir róða, heldur óþurftarklíkan í kringum Gústaf, sem barðist með klím og kjafti gegn KSML og gat ómögulega beygt sitt "ég" undir aga verkalýðsstéttarinnar. G.S. gleymir því, að flokksbyggingin felst einmitt í baráttu og lausn andstæðna innan kommúnískra samtaka. Hún felst í fræðilegri baráttu um afstöðuna til stjórnlistar og bardagaaðferðar kommúnistanna og afstaða Gústafs til flokksbyggingarinnar kemur kannski skýrast fram í þeirri staðreynd, að hann og fylgifiskar hans völdu að flýja af hólmi í fræðilegu baráttunni og stofna sérstök samtök til að ráðst með lygum á KSML. Afstaða KSML til fræðilegu baráttunnar kemur kannski skýrast fram í því, að þrátt fyrir lygaóhróður Gústafs-klíkunnar mun afstaða hans til starfsins innan verkalýðsfélaganna birtist í næsta eintaki Rauða fánans, fræðilegu málgagni KSML. Hugleysi og hryggleysi Gústafs afhjúpar hann aðeins sem smáborgara, sem verður að grípa til lyga til að réttlæta rökþrot sín. Sá málstaður, sem byggir á lygum getur ekkert átt skylt við málstað verkalýðsstéttarinnar.

Ég hirði ekki um að hrekja ómerkilegar lygar þessa dreifirits frekar, þó af nógu sé að taka. T.d. var Akureyrardeildin aldrei rekin, miðstjórn þvingaði aldrei einu eða neinu upp á samtökin - afstaðan til verkalýðsfélaganna var samþykkt á ráðstefnu í apríl s.l. þar sem félagarnir höfnuðu málstað Gústafs eftir margra vikna námsstarf. Mótsetningarnar innan KSML voru ekki kæfðar niður, heldur verður fræðilegu baráttunni haldið áfram í Rauða fánanum o.s.frv. o.s.frv.

Íslenska fjármálaauðvaldinu hefur bæst nýr liðsmaður í þann sundurleita her, sem nú heldur út á vígvöllinn til að berjast gegn rödd kommúnismans á Íslandi - KSML. Bitlingasinnarnir eru þó sýnu verr vopnum búnir en stéttarfrændur þeirra í Fylkingunni og Alþýðubandalaginu - þar leiðir haltur blindann út í fúafen hentistefnunnar.

-/kg

Gústaf Adolf Skúlason breiðir út faðminn á móti fjármálaauðvaldinu og býður því fram krafta sína til að koma í veg fyrir að verkalýðnum takist að sjá í gegnum svik verkalýðsforystunnar og kasti henni út úr verkalýðsfélögunum. Þetta gerir hann með hrópum sínum um að "víkjum verkalýðsfélögunum úr vegi okkar" og að eina leiðin til að "ná fram umbótum séu ólögleg verkföll". Þannig vill hann hvetja stéttvísa verkamenn til að einangra sig frá verkalýðnum og skilja hann eftir í höndum sósíaldemókratanna. Í handarkrika Gústafs er Þorleifur Gunnlaugsson, meðreiðarsveinn hans í lygaherferðinni gegn KSML.

HVERJA Á AÐ KJÓSA Í ALÞINGISKOSNINGUNUM ?

STÉTTIRNAR OG FLOKKSGERÐIRNAR Í ÍSLENSKA AUÐVALDSÞJÓÐFÉLAGINU.

Í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu eru þrjár stéttir. Borgarastéttin sem í krafti einkaeignar sinnar á öllum mikilvægustu framleiðslutækjunum og í krafti ríkisvaldsins, hefur pólitíska valdið algerlega í hendi sinni. Verkalýðsstéttin, sem arðrænd er af borgarastéttinni, er hin höfuðstéttin. Sú hlið einkaeignarinnar, sem að verkalýðnum snýr, er eingöngu einkaeign á vinnukrafti hans og því sem hann hefur með sparsemi og óhóflegri vinnu tekist að bjarga undan skattpíningunni, húsnæðisokrinu osfrv.
Verkafólkið á engin framleiðslutæki og fær þar af leiðandi heldur ekki yfirráð yfir vörunum sem framleiddar eru. Verkalýðurinn skapar gervöll verðmæti þjóðfélagsins, það er hann sem hefur byggt upp framleiðsluna, byggingarnar, samgöngutækin og orkuverin, en í hans hlut fellur aðeins brot af þeim arði er hann skapar. Borgarastéttin hirðir meginpartinn, án þess að neitt komi þar í staðinn, og ver honum ýmist til að viðhalda framleiðslutækjunum og auka þau, eða til svallveislna, utanlandsferða og óhóflegs munaðar.
Þriðja stéttin í þjóðfélaginu er svo þeir sem standa á milli þessarra tveggja höfuðstétta - smáborgarastéttin, bændur smáverslunarmenn, skrifstofufólk, menntamenn osfrv.

Efnahagsleg einkenni þessarar stéttar eru þau, að hún er annað hvort ekki beinn aðili að sjálfri framleiðslunni, heldur stundar verslun, skipulagnings- og ráðleggingarstörf osfrv. eða þá að hún á framleiðslutæki, sem eru smá í sniðum (jarðir bænda, smábátar, smáiðnaður osfrv.) og vinnur venjulegast við þau sjálf. Smáborgarastéttin klofnar í sífellu upp í launavinnu og auðmagn, meginþorra smáborgarastéttarinnar bíður hlutskipti og ævikjör öreigans.
Þessar þrjár stéttir heyja sín á milli baráttuna um völd þjóðfélagsins. Borgarastéttin er fulltrúi fyrir núverandi eignarskipulag -einkaeignina - og er því íhaldssöm til varnar sínum núverandi hagsmunum. Verkalýðsstéttin er fulltrúi fyrir eignarskipulag framtíðarinnar -sameignarskipulagsins - þess vegna er hún byltingarsinnuð og hagsmunir hennar eru að afnema einkaeignina og koma á sósíalísku þjóðskipulagi sameignarinnar. Smáborgarastéttin er í raun og veru frumstig móthverfunnar milli launavinnu og auðmagns, af þessari orsök er hún afturhaldssöm og vill snúa hjólum sögunnar aftur á bak, til smáframleiðslunnar sem hún er fulltrúi fyrir. Henni er um megn að byggja upp sjálfstætt þjóðskipulag, til þess skortir hana framsýni. Þess vegna reikar hún óhjákvæmilega á milli höfuðstéttanna, tekur ýmist afstöðu með borgarastéttinni og einkaeigninni, eða afstöðu með verkalýðsstéttinni og framtíðarhagsmunum sínum sem öreigar. Pólitísk baráttutæki stéttanna eru stjórnmálaflokkarnir. Stefnuskrár þeirra og starf er í samræmi við hagsmuni stéttanna sem þeir þjóna og fer einnig eftir því meðal hvaða stétta eða þjóðfélagshópa þeir fiska eftir fylgi.

Þannig eru t.d. til í öllum heimsvaldaríkjum sérstakir borgaralegir verkalýðsflokkar, sem hafa það verkefni að afla borgarastéttinni fylgis meðal verkalýðsins. Stefnuskrár slíkra flokka einkennast af stéttasamstarfi, samstarfi arðræningja og arðrændra.

Flokkar II. Alþjóðasambandsins, sósíaldemókrataflokkarnir, voru slíkir borgaralegir verkalýðsflokkar og á kreppuárunum 1930 gegndu þeir því hlutverki að halda stéttabaráttu verkalýðsins í skefjum, kljúfa verkalýðshreyfinguna, hindra verkfallabaráttuna og þannig greiddu þeir veginn fyrir fasismanum sem komst til valda í fjölmörgum Evrópuríkjum.
Eftir seinni heimsstyrjöldina og sérstaklega eftir valdarán Krúsjeffs-klíkunnar í Sovétríkjunum, hafa flokkar III. Alþjóðasambandsins orðið að borgaralegum verkalýðsflokkum. Nútíma endurskoðunarstefnan, sem oftast felur sig undir hjúpi eða nafni lenínismans, keppir við gömlu krataflokkana um hylli borgarastéttarinnar. Sums staðar, t.d. á Ítlaíu og Frakklandi, hefur nútíma endurskoðunarstefnan kippt grundvellinum undan sósíaldemókrötunum og náð víðtæku fylgi meðal verkalýðsins. En annars staðar, sérstaklega þar sem Komintern-flokkarnir náðu ekki miklu fjöldafylgi, hefur sósíaldemókratíið haldið velli og kommúnistaflokkarnir aðeins orðið að litlum þrýstingsaðila á sósíaldemókratana. Þannig er þessu farið um kommúnistaflokkana á norðurlöndum, nema á Finnlandi og Íslandi.
Þannig er augljóst, að borgaralegu verkalýðsflokkarnir eru ekki alls staðar samkynja eða af sama uppruna. Hér er aðeins um að ræða vissa flokksgerð, sem borgarastéttin þarfnast í öllum háþróuðum auðvaldslöndum án undantekningar, til að halda baráttu verkalýðsins heima fyrir í skefjum, en það sem ræður gerð stefnuskrárinnar, starfsháttunum, styrknum o.s.frv. er hlutstæðar aðstæður hvers lands fyrir sig. Sú staðreynd, að hérlendis eru bæði til sósíaldemókrataflokkur, sem á rætur sínar að rekja til svika II. Alþjóðasambandsins um og eftir fyrri heimsstyrjöldina (Alþýðuflokkurinn) og afsprengi nútíma endurskoðunarstefnunnar, sem á höfuðvígi sitt í Kreml (Alþýðubandalagið).

Raunar höfðu hægrimennirnir í KFÍ framið svik sín við íslenskan verkalýð löngu áður en Krúsjeff-klíkan kom til valda í Sovétríjunum, með því að leggja niður Kommúnistaflokkinn og mynda samfylkingu í staðinn, með því að hætta baráttunni gegn sósíaldemókrötunum og sameinast vinstri væng þeirra. Síðan þetta gerðist með stofnun Sósíalistaflokksins 1938, hefur þróun alheimsmála og stéttabaráttunnar á Íslandi, leitt til stöðugrar hægriþróunar Alþýðubandalagsins og í dag eru foringja þess búnir að axla fullkomlega hlutverk Alþýðuflokksins, sem að mestu hefur misst grundvöll sinn í verkalýðsstéttinni. Nútíma endurskoðunarstefnan er hættulegasti óvinur verkalýðsins í heiminum í dag og þær mislitu fylkingar, sem kenna sig við sósíalisma og kommúnisma, en eru í raun forsvarar syndikalisma og trotskýisma, eru aðeins meðhlauparar hennar.

HVERJIR ERU HÖFUÐFLOKKARNIR Í KOSNINGUNUM FRAMUNDAN?

Af framansögðu er ljóst, að þrátt fyrir að til séu tveir borgaralegir verkalýðsflokkar á Íslandi, er aðeins um að ræða eina flokksgerð, þar sem annar flokkanna hefur orðið að víkja fyrir hinum. Þess vegna er Alþýðuflokkurinn ekki neitt afl við kosningarnar núna. Á sama hátt verður að segja, að þrátt fyrir Sjálfstæðisflokkurinn sé ein heild út á við, túlkar hann samt sem áður hagsmuni mismunandi hópa innan borgarastéttarinnar. Innan hans hefur með vaxandi efnahagsörðugleikum orðið til togstreita milli fjálslyndra afla og afturhaldsafla, sem hvor um sig þjónar mismunandi hópum innan borgarastéttarinnar. Gott dæmi um þessa togstreitu er tollaálagningin, sem lögð var á fyrir skömmu og leitt hefur til þess, að heildsalar og stórkaupmenn hafa neitað að leysa út vörur sínar og láta þær í stað þess hlaðast upp í vöruskemmunum. Þegar kreppan fer í hönd, grípur fjármálaauðvaldið ævinlega til þess ráðs, að setja sína hagsmuni ofar hagsmunum annarra hópa innan borgarastéttarinnar, sérstaklega hagsmunum verslunarauðvaldsins. Þessi móthverfa, sem birtist einnig inna stjórnmálaflokkanna á áreiðanlega eftir að setja mark sitt á Sjálfstæðisflokkinn með klofningi hans. Sjálfstæðisflokkurinn sem er opinber talsmaður borgarastéttarinnar og hagsmuna hennar, þó svo hann kalli sig flokk allra stétta, helst saman svo lengi sem hann er í stjórnarandstöðu.
Allar líkur eru á því, að komist hann í ríkisstjórn, muni klofningurinn ágerast og leiða til alvarlegra mótsetninga.

Framsóknarflokkurinn er þriðja stóra aflið í kosningunum framundan. Hann er einnig borgaralegur flokkur, þ.e. þjónar hagsmunum auðvaldsins.
Hversu mjög sem hann reynir að gefa sig út fyrir að vera flokkur alþýðunnar og sérstaklega bændanna, getur enginn leynt tengslum hans við SÍS-auðvaldið til lengdar. Einkennandi fyrir stefnuskrá hans er, að hann höfðar til smáborgarastéttarinnar, sem í sífellu reikar á milli afstöðu borgarastéttarinnar og verkalýðsins.
Þetta birtist í því, að yfirlýsingar hans og starf einnkennist af tilraunum til að fara bil beggja, til að vera bæði hægri- og vinstrisinnaður.
Þannig segja forvígismenn hans eitt í dag og annað á morgun, eru bæði með og á móti hernum, til þess að ná til sem stærstra hópa innan smáborgarastéttarinnar.

SMÁBORGARALEGU FLOKKARNIR OG FLOKKSBROTIN.

Samtök frjálslyndra og vinstri manna og þau öfl, sem komið hafa til liðs við þau, eru af smáborgaralegum toga spunnin. Stefnuskrá þeirra reynir að gefa Samtökunum róttækari vangasvip en Alþýðubandalagið og með því er ætlunin að ná fylgis meðal verkalýðsins. En það væri alrangt að álykta, að þó að Samtökin séu smáborgaralegur flokkur, muni stjórnarþátttaka þeirra leiða til þess að smáborgarastéttin taki völdin eða hefði afgerandi áhrif á þau.

Kosningarnar eru ekki um völdin í þjóðfélaginu, heldur um það hverjir skuli sitja að kjötkötlunum næstu fjögur árin, hverjir eigi greiðastan aðgang að bitlinga- og embættisveitingum, ríkisfjölmiðlum, ríkiskassanum o.s.frv. o.s.frv. Allar stjórnir sem taka sæti á borgaralegu þingi, þjóna óhjákvæmilega fjármálaauðvaldinu leynt og ljóst. Fjármálaauðvaldið mútar þeim annaðhvort beint eða gegnum verðbréfamarkaðina, sem á Íslandi eru í bönkunum. Samtökin verða sennilega ekki það afl í íslenskum stjórnmálum, sem foringjar þeirra vonast til, til þess er stefna þess of útþvæld og dregur of mikinn dám af stefnu Alþýðubandalagsins.

Flokksbrotin, sem hafa myndast í kringum kosningarnar á hægri kantinum eru aðeins pólitísk asnaspörk, sem ekki haldast til langframa. En tilhneigingin til að mynda skipulagt afl til hægri við Sjálfstæðisflokkinn og sem áreiðanlega mun fá fylgi úr röðum hans áður en langt um líður, er þegar komin fram og það setur verkalýðnum þá skyldu á herðar að vera á varðbergi gegn myndun fasískra hópa eða flokka. Hættan á slíkum hópum kemur fyrst og fremst frá öfgafullum Sjálfstæðismönnum; inn í hann skriðu fasistarnir, þegar Hitler hafði beðið ósigur og út úr honum munu þeir stinga trýnum sínum aftur, þegar kreppan magnast.

Framboð ungherjasambands Alþýðubandalagsins - Fylkingarinnar - er eingöngu tilraun til að villa verkafólki sýn og rugla það í ríminu. Slagorð Fylkingarinnar sem fyrir örfáum árum sagði háskólastúdenta vera grundvöll sinn, eru orðin líkari vígorðum KSML og skrif þeirra og mál miðast fyrst og fremst við að veikja áhrif kommúnistanna meðal verkalýðsins, jafnhliða því sem þau reyna að dylja, að stúdentarnir eru ennþá grundvöllur þeirra og háskólinn höfuðvígi þeirra.

HVERN ÁTTU AÐ KJÓSA?

Allir þessir flokkar þjóna hagsmunum borgarastéttarinnar hver á sinn hátt. Jafnvel þeir sem eru af smáborgaralegum toga spunnir, svo sem Fylkingin og Samtökin, megna aldrei að leggja fram neina sjálfstæða pólitík. Stefna þeirra vinglar á milli afstöðu með auðvaldinu eða afstöðu með verkalýðnum. Þess vegna beita þeir fyrir sig vinstri slagorðum en reka jafnframt því pólitík, sem þjónar auðvaldinu.

Að kjósa einhvern þessara flokka er að veita pólitískum flokkum auðvalds og smáborgarastéttar fylgi sitt.
Verkalýðurinn getur aldrei náð frelsi sínu nema hann berjist fyrir því sjálfur. Hann verður aldrei frelsaður af kjaftaskúmum og þingræðisörverpum borgaraflokkanna, frelsi hans verður að vera verk hans sjálfs.
Þess vegna verður verkalýðsstéttin að eignast eigið pólitískt forystuafl, kommúnistaflokk sem gengur í broddi fylkingar fyrir verkalýðsstéttinni og er jafnframt kjarni hennar og einbeittasti framvörður. Það er óhugsandi, að Sjálfstæðisflokkurinn, sem er flokkur arðráns og atvinnurekenda, skattpíningar og gengislækkana, geti framfylgt hagsmunum verkalýðsins.
Því það myndi þýða, að hann gengi í berhögg við þá hagsmuni, sem hann þjónar, hagsmuni auðvaldsins. Sömu sögu er að segja um Framsókn, flokk SÍS-auðvaldsins. Að styðja hann er að styðja auðvaldið og einokunina.

Alþýðubandalagið hefur í síðustu stjórnartíð sinni sýnt hið rétta eðli sitt enn einu sinni. Forystumenn þess eru ýmist atvinnustjórnmálamenn, sem þykjast binda framavonir sínar við atkvæðastyrk verkalýðsins og bitlingaveitingar Alþýðubandalagsins, eða stéttsvikarar og verkalýðsaðall, sem byggir stöðu sína innan flokksins á áhrifum sínum innan verkalýðsfélaganna. Verkafólk þekkir hvernig Alþýðubandalagsforkólfarnir hafa svikið kosningaloforð sín gagnvart verkalýðnum, en haldið þau loforð, sem þeir gáfu auðvaldinu.

Þeir hafa aukið framleiðslutæki auðvaldsins og gróða stórkostlega og sú atvinna, sem hefur skapast við það, hafa þeir notað til að fegra sig í röðum verkalýðsins. En aukin atvinna er aðeins tímabundið fyrirbrigði.

Aukning framleiðslutækjanna felur í sér offramleiðslu, sem í vaxandi heimskreppu mun leiða af sér atvinnuleysi og fátækt. Samtímis hafa þeir algerlega vanrækt að bæta hag verkafólks á annan hátt, þeir hafa ekki komið á 8 stunda vinnudegi, ekki stöðvað verðbólguna og ekki komið í veg fyrir kjaraskerðingarnar. Þannig þjóna þeir hagsmunum auðvaldsins í raun og veru, þrátt fyrir vinstrislagorðin. Að kjósa Alþýðubandalagsforkólfana, er að kjósa borgaralegan verkalýðsflokk. Þann flokk auðvaldsins, sem sérstaklega er ætlað að veiða atkvæði meðal verkalýðsins og halda baráttu hans utan þingsalanna niðri. Verkafólk, enginn þessara flokka þjónar hagsmunum ykkar, það getur aðeins kommúnískur verkalýðsflokkur gert.

VERKAFÓLK! FYLKIÐ YKKUR UM KSML!

Uppbygging slíks flokks er meginbaráttumál KSML í dag. Áður en verkalýðurinn heldur út í harðari stéttabaráttu, verður hann að eignast forystuafl, sem rekur hagsmuni hans, ekki bara í þingsölunum, heldur fyrst og fremst utan þeirra - á vinnustöðunum, í verkalýðsfélögunum og á öllum sviðum þjóðlífsins.

Að kjósa KSML þýðir þess vegna ekki að kjósa kosningaloforðaskrá, sem sérstaklega er samin til þess að veiða atkvæði, heldur til að sýna með atkvæði sínu stuðning við málsstað verkalýðsins og sósíalísku byltingarinnar. Komist frambjóðandi KSML á þing, mun hann neyta aðstöðu sinnar til að afhjúpa þjónustu Alþingis við einokunarauðvaldið, reka áróður fyrir málsstað verkalýðsins og styðja baráttu hans gegn auðvaldinu utan þings. Slíkt atkvæði fellur ekki dautt, það sýnir stuðning við kommúnismann og verkalýðsbyltinguna. Hins vegar falla atkvæði Alþýðubandalagsins jafndauð fyrir verkalýðinn eins og þau hafa alltaf gert. Þau eru aðeins nýt fyrir þingmenn og bitlingasnápa borgaralega verkalýðsflokksins, aðeins nýt til að koma þessum fulltrúum auðvaldsins í embættisstólana næsta kjörtímabil. Að kjósa K-listann er að sýna hug sinn til sósíalismans, að veita KSML stuðning í baráttu þeirra fyrir uppbyggingu kommúnísks flokks og að sýna fyrirlitningu sína á kúgungareðli alþingis.

Verkafólk, atkvæðin ein munu aldrei veita okkur frelsi undan launaþrælkun auðvaldsins, það verður aðeins gert með kommúnískum flokki. Þið sem greiðið KSML atkvæði ykkar í alþingiskosningunum, gangið skrefi lengra

og hafið samband við KSML. Skráið ykkur í námsstarf og stuðningsstarf, takið þátt í baráttunni fyrir uppbyggingu kommúnísks byltingarflokks.

VERKAFÓLK! KJÓSIÐ FRAMBJÓÐENDUR KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA-LENÍNISTANNA!

STYÐJIÐ OG TAKIÐ ÞÁTT Í BARÁTTUNNI FYRIR MYNDUN KOMMÚNÍSKS FLOKKS!

HVERS VEGNA VALDBYLTING?

Eftir að fél. Kristján Guðlaugsson sagði í fréttaauka hljóðvarpsins, að KSML undirbyggju sig þegar fyrir ólöglega baráttu, hafa leiðaraskríbentar borgarablaðanna barið sér yfir ólýðræðislegum öfgahugsjónum og ofbeldishneigðum KSML. Þjóðviljinn ásakar KSML um klofningsstarfsemi og Vísir setur okkur á bekk með arabískum "hermdarverkamönnum".
Hvers vegna þessi óhugur í herbúðum borgaranna, þegar minnst er á vopnun verkalýðsins? Hvers vegna þessi móðursýki Alþýðubandalagskratanna yfir klofningi vinstri hreyfingarinnar og minnkandi trausti verkalýðsins á borgaralega þingræðinu?

Ástæðurnar eru einfaldar, borgaralegi verkalýðsflokkurinn óttast vaxandi meðvitund verkalýðsins um sósíalismann og aukna fyrirlitningu hans á þingræðistrúðunum. Borgarastéttin á í vaxandi efnahagskreppu og stjórnmálafulltrúar hennar eru ekki á eitt sáttir um hvernig beri að leysa úr vandanum. Allir eru sammála um að arðránið beri að herða á verkalýðnum, en þó á þann hátt, að verkalýðurinn tapi sem allra minnstu af trausti sínu á forræði kapitalistanna og lotningu sinni fyrir borgaralega lýðræðinu. Þess vegna verða borgararnir æfir, þegar þeir heyra minnst á vopnaða skipulagningu verkalýðsstéttarinnar, leigupennar hennar umturnast af hneykslun og ábyrgir broddborgarar krossa sig yfir blóðþorsta og ofbeldishneigð kommúnistanna.

Í miðjum hávaðanum á síðan að gleymast raunverulegt eðli vopnaðrar skipulagningar og stéttarlegur bakgrunnur hennar, á meðan reynt er að láta líta út fyrir að KSML séu þegar í dag vopnaðir ribbaldar sem einskis svífast, á vopnaskak borgaranna og blóðugur ferill að falla í skuggann og komast hjá eftirtekt. Verkamenn eiga að álíta að borgarastéttin sé lýðræðisleg og friðsöm, andstæð vopnavaldi og ofbeldi, hafi viðbjóð á blóðsúthellingum og kúgun o.s.frv. o.s.frv.

Hver og einn sem veltir þessu augnablik fyrir sér getur sjálfur séð að þessu er ekki svona farið. Borgarastéttin hefur rekið alþýðu heimsins út á blóðvelli heimsstyrjaldar tvívegis, þjóðir þriðja heimsins hafa þjáðst öldum saman undir kúgunarhæl grimmustu heimsvaldaríkjanna, eftir sérhverja tilraun verkalýðsins til að grípa völdin sem hefur misheppnast, hefur blóðæði borgaranna náð hámarki: 30.000 myrtir án dóms og laga í París eftir uppreisn Parísarverkalýðsins 1871, finnsku borgararnir tóku tugi þúsunda af lífi, heil milljón af kommúnistum voru teknir af lífi í Indónesíu 1965, yfir þrjátíu þúsund voru líflátnir eftir gagnbyltinguna í Chile og svo mætti lengi telja. Já, hvern einasta dag lætur verkamaður eða verkakona lífið eða limlestist í framleiðslu auðvaldsins; þeim lífum er fórnað á altari gróðans. Af hverju þegja lýðræðisenglarnir og valdbeitingarandstæðingarnir á borgarablöðunum yfir þessu?
Það er einfalt mál, af því að þeir eru handbendi auðvaldsins, launuð leiguþý þess til að mistúlka og rangfæra sannleikann frammi fyrir verkalýðnum.

Borgurunum er svo mjög í mun að láta líta svo út sem KSML séu valdbeitendur og ofbeldissinnar, til þess að dylja það skipulagða ofbeldi og kúgun sem íslenskur verkalýður býr við sérhverja stund og sérhvern dag. Við höfum sagt og við munum segja áfram: vopnuðu stéttarlegu alræði íslensku borgarastéttarinnar verður aðeins steypt með því að verkalýðurinn vopnist og brjóti allar tilraunir auðvaldsins til gagnbyltingar og endurreisnar arðránsþjóðfélagi sínu niður af miskunnarleysi.

Við heyjum baráttuna við önnur skilyrði í dag, vopnuð skipulagning verkalýðsins er ekki á dagskrá heldur uppbygging pólitísks framvarðar verkalýðsins og útbreiðsla marxismans-lenínismans til verkalýðsstéttarinnar. En vopnaviðskipti og valdbeiting eru aðeins framhald af pólitíkinni með öðrum og harðfengari ráðum, þess vegna mun óhjákvæmilega koma til þess að íslenskur verkalýður grípi til vopna og steypi arðránsskipulagi auðvaldsins. -/hg



Blóðhundar borgarastéttarinnar eru ávallt reiðubúnir til árásar á verkalýðinn.
(Mynd frá NATO-slagnum "49)

Framhald af bls.3

KSML fylgir stefnu Komintern...

Þeir lýsa yfir með miklum alvöruþunga að þeir byggi afstöðu sína á marxismanum-lenínismanum, sem þó er í mótsögn við línu Kominterns. Við skulum því athuga hver afstaða leiðandi marxista-lenínista, félaga Stalíns, til stefnu Kominterns. Félagi Stalín segir svo um stefnuskrá Komintern:

"Nátengt spurningunni um höfuðviðfangsefni hinnar alþjóðlegu hreyfingar verkalýðsstéttarinnar er spurningin um Komintern. Höfuðmikilvægi stefnuskrár Kominterns er að hún skýrgreinir vísindalega grundvallarleg verkefni kommúnísku hreyfingarinnar, útskýrir aðalleiðirnar til að fást við þessi viðfangsefni, og varpar þannig ljósi á markmið og aðferðir sem nauðsynlegar eru til að halda áfram á traustan hátt, fyrir allar deildir Kominterns.

Nokkur orð um sérkenni tillögunnar að stefnuskrá Kominterns, sem lögð er fram af Stefnuskrárnefnd Framkvæmdanefndar Komintern. Að minnsta kosti 7 slík sérkenni má greina.

1) Tillagan veitir stefnuskrá, ekki fyrir sérstaka þjóðlega Kommúnistaflokka, heldur fyrir alla Kommúnistaflokka í heild, setur fram það sem er sameiginlegt og grundvallarlegt fyrir þá alla. Þannig er þetta stefnuskrá sem byggir á grundvallaratriðum og fræðikenningu."
(J. Stalin Works 11, bls. 211)

Og Stalín heldur áfram og ræðir um sérstöðu landa, sem minnihlutamennirnir segja að sé svo sérstakt fyrir okkar tíma og okkar kapitalisma, hið "nýja" þróunarstig kapitalismans.

"...3) Tillagan tekur sér sem útgangspunkt, ekki neinn sérstakan kapitalisma í neinu sérstöku landi eða heimshluta, heldur allt heimskerfi kapitalismans og setur það í andstöðu við heimskerfi hins sósíalíska hagkerfis. Þaðan stafa mismunurinn á henni og öllum fyrri stefnuskrám."
(Sama rit)

Það er því augljóst mál að til þess að nokkur heiðarlegur marxisti-lenínisti geti fylgt hinum "nýju" skilgreiningum minnihlutans, verður minnihlutinn að gera meira en að gaspra um að þeir hafi hinar réttu nýmóðins kenninga. Þeir verða að sýna fram á hver var sú þróun sem Komintern undir leiðsögn Leníns og Stalíns sá ekki fyrir. Því að, eins og Lenín sagði: "fólk verður ekki dæmt eftir þeim skrautklæðum sem það íklæðist heldur eftir verkunum."

MEIRIHLUTINN FYLGIR LÍNU KOMINTERNS

Undir leiðsögn Leníns og Stalíns var stefnuskrá Kominterns mótuð, en hún skilgreinir það sem er "sameiginlegt og grundvallarlegt fyrir alla" (stefnuskrá Komintern). Komintern sýndi fram á með rannsóknum byggðum á grundvallarreglum og fræðikenningu öreigastéttarinnar hver væri rétta afstaðan til verkalýðsfélaganna og hvert væri markmiðið með starfinu innan þeirra. Í grein sem heitir "Faglega hreyfingin og verksmiðjunefndirnar", segir meðal annars um verkalýðsfélögin á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar, - sem þá voru aðeins fyrir iðnlærða verkamenn:

"Með því að ná einvörðungu til hinna sérhæfðu verkamanna og þeirra sem borgararnir launuðu best; með því að starfa einungis innan mjög þröngra korporatífra ramma, keðjuð saman af skrifræðisvélinni og með því að halda sig algerlega í fjarlægð frá fjöldanum, sem hefur verið svikinn af hinum tækifærissinnuðu leiðtogum sínum, þannig


Stjórn Komintern 1933


hafa verkalýðsfélögin ekki bara svikið málstað þjóðfélagsbyltingarinnar heldur einnig þá baráttu fyrir bættri lífsafkomu verkafólks, sem þau höfðu sjálf skipulagt."
(Ályktun II þings Alþjóðasambands kommúnista 1920)

Verkalýðsfélögin geta þjónað gagnbyltingunni fyrst og fremst með því að berjast gegn allri fjöldabaráttu verkalýðsins, "með því að ná aðeins til hinna sérhæfðu verkamanna"; "með því að starfa einvörðungu innan mjög þröngra korporatífra ramma". Og í heimsstyrjöldinni fyrri leiddi þetta síðan til að "verkalýðshreyfingarnar á stríðstímunum komu oft fram sem hluti af borgaralegu stríðsvélinni" (sama rit).

Þrátt fyrir þessa stórkostlegu úrkynjun verkalýðsfélaganna, kom það ekki í veg fyrir að Komintern ályktaði að hægt væri að breyta verkalýðsfélögunum í baráttutæki fyrir sósíalismanum og það var líka einmitt það sem gerðist. Efnahagslega öngþveitið eftir heimsstyrjöldina 1914-1918 olli margfalt harðari og miskunnarlausari lífsbaráttu heldur en áður fyrir verkalýðinn. Nú sótti hinn arðrændi og sveltandi fjöldi þúsundum saman inn í verkalýðsfélögin "til að tryggja sér árangur í kjarabaráttunni streymir verkalýðsfjöldinn, sem áður stóð utan við verkalýðsfélögin, inn í þau. Í öllum auðvaldslöndum má í dag sjá gífurlegan vöxt verkalýðsfélaganna, sem í dag eru ekki eingöngu samtök fyrir framsæknustu hluta öreiganna heldur fyrir allan þorra þeirra. Með því að ganga í verkalýðsfélögin reynir verkalýðurinn að gera þau að vopni sínu í baráttunni. Þar sem stéttamóthverfurnar skerpast stöðugt; neyðast verkalýðsfélögin til að skipuleggja verkföll, en afleiðingar þeirra setja mark sitt á gervallan hinn kapitalíska heim, með því að rjúfa framleiðslu- og viðskiptaferlið. Þar sem verkalýðsfjöldinn eykur kröfur sínar jafnharðan og vöruverðið stígur og arðránið á honum sjálfum vex, þá eyðileggur hann þar með sérhvern kapitalískan útreikning en það er frumgrundvöllur skipulagðs hagkerfis. Verkalýðsfélögin, sem á stríðstímum þróuðust í tæki til að kúga verkalýðsfjöldann undir hagsmuni borgaranna, eru í dag tæki til að steypa kapitalismanum." (Sama rit)

Það ætti að vera öllum ljóst að verkalýðsfélögin á Íslandi eru ekki slíkur "hluti af borgaralegu stríðsvélinni", sem verkalýðsfélögin voru í fyrri heimsstyrjöldinni. En eins og við sjáum á úrdrættinum úr ályktun II. þings Komintern þá hefði það eitt sér ekki skipt neinu máli, markmiðið með starfinu hefði enn verið það sama. Það hefði verið jafn nauðsynlegt fyrir byltingarsinnuðu verkamennina í verkalýðsfélögunum að efla tengsl sín við byltingarflokkinn og hefja sameinaða baráttu fyrir sósíalísku byltingunni. Þess vegna þegar minnihlutamennirnir okkar hrópa um að víkja verkalýðsfélögunum úr vegi vegna þess að þau séu

FRH. Á BAKSÍÐU



V.I. LENÍN

Um afnám þingræðisins

Baráttan gegn hentistefnunni var rauði þráðurinn í lífi Leníns. Hann var óþreytandi í gagnrýni sinni á þeim "sósíalistum"sem áttu það sameiginlegt að afbaka kenningar Marx og Engels. Í þessari grein, sem er tekin úr bók Leníns -Ríki og bylting-, sýnir hann fram á hvernig hentistefnumennirnir hafa rangfært afstöðu Marx til borgaralega þingræðisins.
Það er ekki til einskis sem við birtum þessa grein nú - hér á Íslandi eiga hentistefnumennirnir sem Lenín barðist gegn sér verðuga arftaka. Alþýðubandalagið er fremsta vígi þeirra í dag. Alþýðubandalagið er borgaralegur verkalýðsflokkur sem dyggilega þjónar auðvaldinu, með því að breiða út blekkingar um þingræðisskipulag borgarastéttarinnar. Þetta hefur komið mjög skýrt fram í þeirri kosningahríð sem hefur staðið hérlendis að undanförnu, - hástemmdar yfirlýsingar þeirra til verkalýðsins um að eina aflið gegn íhaldi sé atkvæðamagn Alþýðubandalagið, eru dæmi um það hvernig AB vinnur að því að festa í sessi þingræðisfordóma meðal öreiganna.
En Lenín á sér arftaka um allan heim. Hér á Íslandi eru það Kommúnistasamtökin m-l sem hafa reist á ný merki hans í baráttunni gegn "örverpissósíalistunum" sem dýrka auðvaldsskipulagið. Skrif Leníns eru vopn í okkar höndum - hárbeitt enn þann dag í dag - og með kenningum hans afhjúpum við útsendara borgarastéttarinnar frammi fyrir verkalýðnum.

Marx ritar:

„Kommúnan átti ekki að vera nein þingræðisstofnun, heldur starfandi stofnun, sem hefði á hendi bæði löggjafar- og framkvæmdarvald ...

Í stað þess að ákveða þriðja eða sjötta hvert ár hver úr flokki ríkjandi stéttar skyldi vera fulltrúi og böðull þjóðarinnar í þinginu, átti nú alþýðan, skipulögð í kommúnum, að njóta hins almenna atkvæðisréttar á sama hátt og atkvæðisréttur einstaklingsins heimilar hverjum öðrum vinnuveitanda að velja verkamenn, eftirlitsmenn og bókara í fyrirtæki sín."

Þessi athyglisverða gagnrýni á þingræðinu, frá árinu 1871, er enn eitt af þeim atriðum marxismans, sem menn hafa „gleymt" nú á tímum, sökum þess að þjóðrembingsstefnan og tækifærisstefnan drottna. Ráðherrarnir og atvinnuþingmennirnir, þessir verkalýðssvikarar og „verzlunar"-sósíalistar vorra tíma, hafa látið anarkistana eina um að gagnrýna þingræðið, og af þessari dæmalaust viturlegu ástæðu úthrópa þeir *sérhverja* gagnrýni á þingræðinu sem „anarkisma"!! Það er sízt að undra, þótt verkalýðurinn í þeim þingræðislöndum, sem „lengst eru á veg komin", geri meira og meira að því að snúa samúð sinni að anarkíska syndikalismanum, enda þótt hann sé skilgetinn bróðir tækifærisstefnunnar. Þetta gerir verkalýðurinn af viðbjóði á slíkum „sósíalistum" sem Scheidemann, David, Legien, Sembat, Renaudel, Henderson, Vandervelde, Stauning, Branting, Bissolati og þess háttar kumpánum.

Fyrir Marx var díalektíkin aldrei slíkt innantómt tízkuorð, eða slík barnahringla, sem Plekhanov, Kautsky og aðrir samskonar menn hafa gert hann að. Marx varð ekki skotaskuld úr því að taka vægðarlaust í lurginn á anarkismanum, vegna þess að hann kunni ekki einu sinni að hagnýta sér „peningshús" borgaralega þingræðisins, og það á þeim tíma, sem byltingarástand var sýnilega ekki fyrir hendi. En jafnframt kunni hann tökin á því, að setja fram sanna, byltingarsinnaða gagnrýni á þingræðinu í anda verkalýðsins.

Að ákveða einu sinni á nokkrum árum, hver úr ríkjandi stétt skuli vera fulltrúi og böðull þjóðarinnar í ríkisþinginu, — það er í raun réttri þungamiðja þingræðisins, ekki einungis í löndum sem hafa þingbundna konungsstjórn, heldur einnig í allra lýðræðislegustu þjóðveldum.

Sé ríkið og þingræðið sem ríkisstofnun athuguð frá sjónarmiði verkalýðsins og þeirra verkefna sem bíða hans á *þessu* sviði, hvernig er þá hægt að losna við þingræðið? Hvernig er hægt að komast af án þess?

Enn ber að sama brunni. Svo gersamlega hafa „sósíaldemókratar" nútímans (les: nýtízku svikararnir við sósíalismann) gleymt kenningunni, sem Marx byggði á rannsókn sinni á Kommúnunni, að þeir fá hreint ekki skilið að nokkur önnur gagnrýni á þingræðinu geti hugsazt en sú, sem kemur frá anarkistum eða afturhaldsseggjum.

Það er vitaskuld ekki hægt að losna við þingræðið með því að afnema samkundur þjóðfulltrúanna og kosningafyrirkomulagið, heldur með því að breyta fulltrúaþingunum úr kjaftasamkundum í „starfandi" stofnanir.

„Kommúnan átti ekki að vera nein þingræðisstofnun, heldur starfandi stofnun, sem hefði á hendi bæði löggjafar- og framkvæmdarvald".

„Ekki þingræðisstofnun, heldur starfandi stofnun" — þetta er ör, sem hittir þingmenn nútímans og hina þinglegu „kjölturakka", sósíaldemókratana, beint í hjartað! Lítum á hvaða þingræðisland sem er, Ameríku eða Sviss, Frakkland eða England eða Noreg o. s. frv. Hin eiginlegu „ríkisstörf" eru unnin bak við tjöldin af ráðuneytunum, skrifstofum og herforingjaráðum. Í ríkisþingunum er ekki gert annað en þvaðra í þeim sérstaka tilgangi að draga „almúgann" á asnaeyrunum. Þetta er svo hárrétt að jafnvel í borgaralega lýðveldinu rússneska komu allar þessar syndir þingræðisins í ljós, áður en tími hafði unnizt til að mynda eiginlegt ríkisþing. Þessum útötuðu broddborgarahetjum, eins og Skobelev og Zeretelli, Tsjernov og Avksentjev hefur meira að segja tekizt að draga ráðin niður í sorpið eftir fyrirmynd útjaskaðs borgaralegs þingræðis og gera þau að hreinum og beinum kjaftasamkundum. Í ráðunum draga hinir háu herrar, „sósíalísku" ráðherrarnir, grunlaus bændatetrin á tálar með orðagjálfri og samþykktum. Í stjórninni er sífelld danssýning, sem annarsvegar snýst um það, að koma sem allra flestum þjóðbyltingarmönnum og mensévíkum að „jötu" vellaunaðra virðingarembætta og hinsvegar um það, að leiða athygli fólksins að þessum tilburðum. En á ríkisskrifstofunum og í herforingjaráðunum eru „unnin" „ríkis"-störf á meðan!

Með dæmalausri hreinskilni, sem einkennir þá menn er teljast til „fína fólksins", sem „allir saman" eru pólitískar skækjur, játaði „Djelo Naroda", málgagn þjóðbyltingarmannanna, sem voru í stjórn, fyrir stuttu í forustugrein eftir ritstjórann, að í öllum ráðuneytunum, meira að segja þeim sem stjórnað er af „sósíalistum" (ef svo mætti segja), sé gamla embættismannaliðið að mestu óbreytt, starfi á sama hátt og áður og leggi algerlega „hömlulaust" stein í götu alls byltingarsinnaðs framtaks. Setjum nú svo, að þessari játningu væri ekki til að dreifa, væri þá ekki saga staðreyndanna um þátttöku þjóðbyltingarmannanna í stjórninni næg sönnun? Það athyglisverða er einungis, að Tsjernov, Russanov, Sensinov og aðrir ritstjórar „Djelo Naroda", sem eru í samsteypustjórn með kadettunum, hafa misst alla sómatilfinningu og skirrast ekki við að segja frá því opinberlega án þess að roðna, að „hjá þeim" sé allt við það sama í ráðuneytunum, eins og þetta væri einhver hégómi!! Hér getur að líta *sanna ásýnd* hinnar „ærlegu" samsteypustjórnar. Innantóm byltingar-lýðræðisglamuryrði til þess að blekkja einfalda bændur, en allar framkvæmdir dregnar á langinn með skrifstofu- og skriffinnskuvaldi auðdrottnunum til „ánægju".

Í stað hins rótfúna, spillta þingræðis borgaraþjóðfélagsins, setur Kommúnan stofnanir, þar sem skoðana og umræðufrelsi er ekki misnotað í blekkingarskyni. Því að fulltrúarnir verða sjálfir að vinna, sjálfir að framkvæma lög sín, sjálfir að líta eftir því, að tilgangur laganna náist í framkvæmdinni og sjálfir að bera fulla ábyrgð gjörða sinna beint gagnvart kjósendunum. Fulltrúasamkundurnar haldast, en þingræðið sem sérstakt kerfi, er aðskilur löggjafar- og framkvæmdarvald og gefur þingmönnum sérréttindi, *hverfur*. Vér getum ekki gert oss í hugarlund nokkurt lýðræði, er ekki hafi fulltrúasamkundu, þetta á einnig við um öreigalýðræðið, en það getum vér og verðum að hugsa oss án þingræðis, því að annars væri gagnrýni vor á borgaralega þingræðinu innantómt orðaskvaldur og viðleitni vor til að steypa borgarastéttinni af stóli ekki einlæg og alvarleg, heldur „kosninga"-beita til þess að veiða atkvæði verkamanna, alveg á sama hátt og hjá mensévíkunum og þjóðbyltingarmönnunum, hjá Scheidemann og Legien, Sembat og Vandervelde og öðrum slíkum.

Það er einkar lærdómsríkt, að þegar Marx talar um *þau* embættisstörf, sem Kommúnan og öreigalýðræðið líka þarf að láta af hendi, líkir hann þeim, sem vinna þau, við starfsmenn „hvers annars vinnuveitanda", þ. e. venjulegs auðvaldsfyrirtækis, sem hefur „verkamenn, eftirlitsmenn og bókara" í þjónustu sinni.

Hjá Marx verður ekki að neinu leyti vart við hugsmíðar, þannig að hann finni upp „nýja" þjóðfélagið, setji það saman í huga sér. Síður en svo. Hann rannsakar hvernig gamla þjóðfélagið *fæðir* hið nýja *af sér*, eins og það væri náttúrusögulegt þróunarfyrirbrigði, rannsakar stigin, sem á milli þeirra liggja. Hann heldur sér við raunverulega reynslu allsherjarhreyfingar öreiganna og gerir sér far um að draga af henni hagnýta lærdóma. Hann „lærir" af Kommúninni, eins og allir miklir byltingarsinnaðir hugsuðir lærðu af meiriháttar hreyfingum kúguðu stéttanna, án þess að skammast sín fyrir og án þess að prédika fyrir þeim smámunalegar „siðferðiskenningar" (að hætti Plekhanovs: „Það hefði ekki átt að grípa til vopna", eða Zeretellis: „Hver stétt verður að kunna að takmarka sig").

Það kemur ekki til mála að afnema skyndilega og hvarvetna öll embætti. Það væri óraunhæf hugmynd. En að *gjöreyða* gamla embættismannabákninu þegar í stað og taka strax að byggja upp annað nýtt, sem smátt og smátt gerir allt embættismannavald óþarft og afnemur það — það er *engin* staðleysa, það er reynsla Kommúnunnar, það er beinlínis hlutverk hins byltingarsinnaða verkalýðs.

Sósíalisminn gerir verkefnin í stjórnun „ríkisins" einfaldari. Hann getur horfið frá „fyrirskipunar"-aðferðunum og takmarkað allt, sem að þessu lýtur, við skipulögð samtök öreigastéttarinnar (sem ríkjandi stéttar), er í nafni alls þjóðfélagsins ræður „verkamenn, eftirlitsmenn og bókara".

Vér erum engir draumóramenn. Oss „dreymir" ekki um það, að *skyndilega* sé hægt að komast af án nokkurrar stjórnar eða undirgefni. Þessir draumar anarkistanna, sem stafa af því, að þeim sést yfir hlutverk alræðis öreiganna, eiga ekkert skylt við marxismann og miða í rauninni að því að fresta sósíalísku byltingunni, þangað til mennirnir eru breyttir frá því, sem nú er. Þvert á móti viljum vér framkvæma sósíalísku byltinguna með mönnum eins og þeir eru nú, mönnum, sem ekki geta komizt af án stjórnsamrar undirgefni og eftirlits, „umsjónarmanna og bókara."

En sá sem hlýða ber er vopnaður forvörður allra vinnandi manna og arðrændra — verkalýðurinn. Það er hægt, og það verður að byrja á því þegar í stað, að setja einföld störf „eftirlitsmanna og bókara" í staðinn fyrir þá „valdsmennsku", sem samgróin er embættismönnum ríkisins, því nú á tímum erum vér á því þróunarskeiði, að borgarbúarnir eru þessum störfum fyllilega vaxnir og geta vel innt þau af hendi fyrir „verkamannakaup".


Vér verkamenn skulum *sjálfir* skipuleggja stóriðnaðinn á grundvelli eigin vinnureynslu, vér tökum við því, sem auðvaldið þegar hefur skapað, og sköpum strangan, járnharðan aga, sem ríkisvald vopnaðs verkalýðsins heldur uppi. Vér gerum embættismenn ríkisins að einföldum þjónustumönnum, „eftirlitsmönnum og bókurum", sem framkvæma það, sem vér felum þeim, bera fulla ábyrgð gjörða sinna, eru afsetjanlegir hvenær sem er og hóflega launaðir. (Sama er auðvitað að segja um hverskonar vélfræðinga og sérfræðinga, æðri sem lægri). Þetta er hlutverk *vort* öreiganna, á því getum vér byrjað og á því verðum vér að *byrja*, er vér framkvæmum öreigabyltinguna. Sé byrjað þannig á grundvelli stóriðnaðarins, hlýtur allt embættismannabákn að „deyja út", af sjálfu sér, smátt og smátt, hlýtur að skapast röð og regla, sem nú þarf ekki lengur að skrifa í gæsalöppum, og þar sem launaþrælkun á sér engan stað. Með þessari skipan verða umsjónarstörfin því einfaldari sem lengra líður og þar sem allir munu taka þátt í þeim til skiptis, verða menn þeim smátt og smátt svo vanir, að þau að síðustu falla burt sem *sér*störf, er aðeins verða unnin af ákveðnum hópi manna.

Á áttunda áratug síðustu aldar tók andríkur, þýzkur sósíaldemókrati *póstmálin* sem dæmi um sósíalískan þjóðarbúskap. Þetta er laukrétt. Póstmálin eru nú á dögum skipulögð eftir fyrirmynd *ríkiseinokunarauðvaldsins*. Heimsvaldastefnan breytir smátt og smátt öllum auðhringum í þannig löguð fyrirtæki. „Óbreyttir" verkamennirnir, sem verða að þola hungur og þrælkun, eiga hér yfir höfði sér sama borgaralega skrifstofuvaldið. En hér er búskaparlagið félagslegt, kerfi félagslegs þjóðarbúskapar er hér fullgjört fyrir hendi. Sé auðdrottnunum steypt af stóli, brjóti vopnaður verkalýðurinn mótspyrnu arðræningjanna á bak aftur með járnhnefa sínum, sé vefur skrifstofuvalds nútímaríkjanna tættur í sundur, þá stöndum vér augliti til auglitis við kerfi með fullkominni tækni, sem leyst er af klafa „sníkjudýrsins" og sameinaður verkalýðurinn á auðvelt með að taka sjálfur í notkun með því að hann ræður sérfræðinga, eftirlitsmenn og bókara, sem *allir* vinna störf sín fyrir verkamannskaup eins og *allir* embættismenn „ríkisins" yfirleitt. Þetta er hið ákveðna, raunhæfa verkefni, sem þegar í stað er hægt að framkvæma gagnvart hringunum, öllum með tölu, sem hið vinnandi fólk leysir af klafa arðránsins og notfærir sér jafnframt reynslu þá, sem Kommúnan fékk við tilraunir sínar í verki (einkum að því er snertir skipulagningu ríkisins).

Næsta takmark vort er að skipuleggja *allan* þjóðarbúskapinn á sama hátt og póstmálin, og þannig að allir sérfræðingar, eftirlitsmenn og bókarar og *allir* aðrir embættismenn séu undir eftirliti og stjórn hinnar vopnuðu öreigastéttar og fái ekki nema almenn „verkamannslaun" fyrir störf sín. Þetta er það ríki og sá atvinnulegi grundvöllur þess, sem vér þörfnumst. Þetta mun afnám þingræðisins og viðhald fulltrúastofnananna færa oss í hendur; þetta mun forða vinnandi stéttunum frá því, að borgararnir geti notað þessar stofnanir eins og skækjur.

Lýðræðislega miðstjórnaraflið í flokksnefndunum

EFTIR Chiang Hsueh yuan



Fulltrúar kínversku alþýðunnar mæta til setningar 10unda flokksþingsins.

Nýju flokkslögin, sem samþykkt voru á 10unda þjóðþingi Kommúnistaflokks Kína, slær föstu,"að skipulagsleg meginregla flokksins sé lýðræðislegt miðstjórnarafl." Í báðum skýrslum sínum til þingsins lögðu félagarnir Chou En-lai og Wang Hung-wen áherslu á, að flokksnefndir á öllum sviðum yrðu að ástunda og starfa eftir lýðræðislega miðstjórnaraflinu enn betur en áður. Allar flokksnefndir verða stöðugt að fylgjast með því að í raun og veru sé farið eftir lýðræðislega miðstjórnaraflinu í anda 10unda flokksþingsins. Þetta er nauðsynlegt svo hægt sé að styrkja forystulið miðstjórnar og auðveldara verði að framfylgja byltingarsinnaðri stefnu Maós formanns.

Skipulagsmeginreglan og baráttan milli tveggja lína.

Að fylgja verður meginreglu skipulagsins um lýðræðislegt miðstjórnarafl, ákvarðast af ákveðinni pólitískri línu flokks okkar og er grundvöllur þess, að hægt sé að framfylgja þeirri línu. Þessi pólitíska lína, formuð fyrir flokk okkar af hinum ágæta Maó formanni, skýrir á vísindalegan hátt hlutstæð lögmál sósíalísku þróunarinnar, tjáir vilja öreiganna, allrar alþýðu og grundvallarhagsmuni þeirra. Til þess að byltingarsinnuð lína Maós formanns verði raunveruleg, er nauðsynlegt að leysa úr læðingi frumkvæði allra flokksmeðlima og leiða fjöldann í hinu sameiginlega átaki.

Flokkur okkar er stór, meðlimafjöldi hans er 28 milljónir og hann leiðir hundruð milljónir manna af öllum þjóðernum í því að framkvæma sósíalísku byltinguna og hina miklu uppbyggingu. Jafn stórt land og okkar, ásamt svo fjölmennum flokki, hefur í för með sér því fleiri vandamál. Aðeins með því að starfa samkvæmt lýðræðislega miðstjórnaraflinu og leyfa hverjum og einum að tala og láta álit sitt í ljós, láta frumkvæði þeirra og reynslu njóta sín, en um leið beita réttu miðstjórnarafli á grundvelli lýðræðis og strangs aga til þess að náist eining í hugsun og verki, aðeins þannig getum við notfært okkur vel pólitíska línu Maós formanns og bætt enn einum sigrinum við.

Söguleg reynsla kennir okkur, að spurningin um að starfa samkvæmt eða móti lýðræðislega miðstjórnaraflinu er mjög mikilvæg fyrir baráttuna milli tveggja lína innan flokksins. Eins og sjá má af tíu stærstu átökunum innan flokksins milli tveggja lína, hafa allir leiðtogar tækifærissinnuðu línunnar - allt frá Chen Tu-hsiu, Wang Ming, Peng Teh-huai, Kao Kang og Líú Sjá-sí til Lin Píaós - ákaft grafið undan lýðræðislega miðstjónarafli flokksins. Alger opinberun frá þróun tækifærissinnuðu línu þeirra yfir í alger svík við marxismann-lenínismann, öreigana, byltingarsinnaða alþýðu og hagsmuni þeirra, þoldi ekki dagsins ljós. Svo lengi sem lýðræði öreiganna er ráðandi gátu þeir ekki falið sig og gagnbyltingarsinnuð einkenni þeirra urðu öllum ljós. Svo lengi sem til er miðstjórnarafl, byggt á lýðræði og flokkurinn sameinast á grundvelli agans, var útilokað fyrir þá að kljúfa flokkinn og öll þeirra launráð og leynimakk biðu algert skipbrot.

Hið glæpsamlega takmark andflokksklíku Lin Píaós, þegar hann gerði allt til að grafa undan lýðræðislegu miðstjórnarafli flokksins, var að hrifsa í sínar hendur æðstu völd innan flokksins og ríkisins, breyta línu flokksins, steypa alræði öreiganna og endurreisa auðvaldið. Af baráttunni við að sigrast á þessari klíku, höfum við tileinkað okkur dýpri skilning á því, hve lýðræðislega miðstjórnaraflið er nátengt pólitískri línu flokksins.

Með því að beita stöðugt lýðræðislega miðstjórnaraflinu, koma allar flokksnefndir á öllum stigum til með að geta fært út grundvallarmeginregluna, sett fram af Maó formanni:

"Stundið marxisma, en ekki endurskoðunarstefnu, sameinist og sundrist ekki, verið hreinskilin og heiðarleg, en stundið ekki launráð og leynimakk."

Virkið frumkvæði allra.

Maó formaður hefur sagt:

"Í núverandi miklu styrjöld krefst Kommúnistaflokkur Kína, að allar leiðandi einingar, allir meðlimir og framverðir, láti í ljós, eins vel og mögulegt er, sitt eigið frumkvæði, en það eitt getur tryggt sigurinn. Þetta frumkvæði verður að koma ákveðið í ljós hjá leiðandi einingum, framvörðum og öllum flokksfélögum í skapandi starfi þeirra, í því hversu reiðubúnir þeir eru að taka á sig ábyrgð, í kraftmiklu starfi þeirra, hugrekki þeirra, hæfni þeirra að taka fyrir vandamál, láta í ljós skoðanir sínar, gagnrýna galla og félagalegri yfirsýn, sem er í höndum leiðandi eininga og framvarða. Annars verður "frumkvæðið" tómt orðagjálfur. Beiting þessháttar frumkvæðis byggist á útbreiðslu lýðræðis innan flokksstarfsins. Frumkvæðið getur ekki notið sín, ef ekki er nægilegt lýðræði innan flokksins." (Hlutverk KFK í þjóðarstríðinu)

Þessi orð Maós formanns benda á með dýpri skilningi, að lýðræði innan flokksins er mikilvæg forsenda þess að leysa úr læðingi frumkvæði flokksins. Flokksmeðlimir okkar og framverðir eru gagnteknir af áhuga og frumkvæðisvilja til að tileinka sér öreigasinnaða byltingarlínu Maós formanns. Með því að þróa lýðræðið í flokksnefndum, skapast góður grundvöllur þess, að sérhver meðlimur fái að láta í ljós skoðanir sínar. Þetta gefur flokksmeðlimunum tækifæri til að auka ábyrgðartilfinningu sína, láta sér annt um línu flokksins, nota sér algerlega sitt eigið frumkvæði, sköpunarmátt og ganga á undan með góðu fordæmi.

Þegar flokksnefndirnar þróa til fulls lýðræðið og leyfa öllum að láta í ljós álit sitt í umræðum um spurningar, þegar þær "leyfa öllum að fá orðið"

og ekki "leyfa einni persónu að hafa orðið" munu þær koma í veg fyrir eða draga úr einhæfni, vinna starf sitt betur, meðhöndla vandamál og taka ávarðanir á réttari hátt og hindra þannig eða draga úr mistökum varðandi spurningar um línuna. Orsakir þessa eru "að fólk rannsakar alltaf og meðhöndlar vandamál og lætur í ljós álit sitt á grundvelli sinnar eigin reynslu, og óhjákvæmilega er fólk öðru hverju nokkuð einhliða." (Ræða á þjóðþingi KFK um áróðursstarfið)

Þar eð stéttabaráttan og baráttan milli tveggja lína á sósíalíska tímabilinu er bæði hörð og flókin, er erfitt fyrir flokksnefndirnar, sama á hvaða stigi, að krefjast þess að sérhver flokksmeðlima þeirra sé laus við alla einhæfni í námi og meðhöndlun vandamála. Maó formaður hefur sagt:

"Til þess að fullnægja því verkefni að vera leiðandi, verður flokksnefnd að treysta öllum "hópmeðlimum" sínum og gera sérhverjum kleift að rækja starf sitt til fullnustu." (Vinnuaðferðir flokksnefnda)

Að "leyfa öllum að fá orðið", treysta öllum meðlimum í flokksnefndum, gefa þeim fullt frelsi til að tjá skoðanir sínar, þegar vandamál eru rædd og þá gera samanburð og skilgreiningar - þetta ætti að hjálpa flokksnefndum að bæta matshæfni sína, sjá stéttabaráttuna í réttu ljósi, átta sig á að skilja rétt frá röngu, svo þær geti getur tileinkað sér öreigasinnaða byltingarlínu Maós formans, og aukið þekkingu sína varðandi leiðandi starf.

Látið allar skoðanir koma fram.

Þegar mál eru rædd, mega flokksnefndir ekki óttast þær mörgu skoðanir, sem látnar eru í ljós, því það er ekki slæmt, heldur gott fyrirbrigði. Augljóst er, að slæmt er ef allir þegja.

"Lögmálið um móthverfur í hlutunum, það er lögmálið um sameiningu móthverfanna, sem er grundvallarlögmál díalektísku efnishyggjunnar." (Um móthverfurnar).

Allir hlutir eru í mótsetningu við aðra og þeir þróast vegna baráttu. Þegar öllum leyfist að tala út, hlýtur það sem sagt hefur verið að vera rétt; ekki alveg rétt né heldur algerlega rangt. En það getur gerst, eftir alvarlegar og ítarlegar umræður, ekki slælegar og fljótfærnislegar, að það sem er rétt verði ofan á, það sem er einhliða og ófullkomið verði betrumbætt og það sem er rangt leiðrétt.

Gangur umræðnanna, þar sem sérhver lætur í ljós skoðun sína, leiðir af sér einingu meðal hópmeðlima í flokksnefnd, og hefur einnig í för með sér rétt miðstjórnarafl, byggt á lýðræði. Einnig meðal meðlima verður til við viljann til að sameina allar mismunandi skoðanir meðlimanna. Það getur ekki verið nein raunveruleg eining í hugsun án slíkrar þróunar. Allir félagar í flokksnefndum verða að vera vel að sér í beitingu marxískrar afstöðu við skilgreiningu á ólíkum skoðunum, og verða að hlusta á allar skoðanir, ágætar sem óþægilegar, réttar sem rangar. Þegar eitthvað rangt er sagt, hjálpar það okkur að gera samanburð, að skilja rétt frá röngu, vera vakandi gagnvart vissum tilhneigingum og styrkja hugmyndafræðilega starfið. Allt þetta er okkur í hag.

Maó formaður hefur sagt:

"Aðeins í andrúmslofti lýðræðis er hægt að leiða áfram stóran hóp fróðra manna" (Hlutverk KFK í þjóðarstríðinu).

Í fullri alvöru að tileinka sér lýðræðislegt miðstjórnarafl í flokksnefndum er mjög mikilvægt, þegar um er að ræða að auka meðvitund meðlimanna um baráttuna milli tveggja lína og uppfræða arftaka öreigabyltingarinnar. Nú, þegar í flokksnefndum eru gamlir, miðaldra og ungir meðlimir, eru þetta mikilvægir landvinningar, sem sýna fram á, að málstaður flokks okkar er í örum vexti.

Meðal hópmeðlima í flokksnefd hafa þrír flokkar framvarðanna hver sínar sterku hliðar. Stöðugt nám og umræður um höfuðspurningar stéttabaráttunnar í anda lýðræðis innan flokksins hjálpar öllum meðlimum. Á þann hátt læra þeir að nota sitt eigið höfuð, nýta til fulls sínar sterku hliðar og gerir þeim kleift að læra af sterku hliðum annarra. Þannig losa þeir sig við sína eigin galla og geta sameiginlega þróast áfram í námi og umræðum um vandamál.

Vegna lýðræðisins í flokksstarfinu geta nýju fraverðirnir, sem hafa drifið að í hinni miklu menningarbyltingu og Hreyfingunni til að gagnrýna Lin Piao og Leiðréttingum á starfsháttum flokksins, látið frjálslega í ljós sinn djarfa byltingaranda, leyft sér að hugsa og tala hindrunarlaust og án afláts að auka hæfni sína. Samtímis því sem eldri framverðirnir, sem hertir eru af margra ára byltingarbaráttu og hafa mikla reynslu af stéttabaráttunni og baráttu tveggja lína, getað notið sín til fulls, miðlað af reynslu sinni til nýju framvarðanna, og flýtt fyrir þroska þeirra með því að láta þá læra af sínum sterku hliðum.

Eftir þessari leið mun sérhver flokksnefndarmeðlimur stöðugt herðast og auka skilning sinn á lýðræðinu í flokksstarfinu og þetta er góð trygging fyrir fullkomnun öreigasinnuðu byltingarlínu Maós formanns.

Takmarkið er miðstjórnaraflsaðgerð.

Maó formaður hefur kennt okkur:

"Kommúnistaflokkurinn þarfnast ekki aðeins lýðræðis, heldur einnig, og það miklu frekar, miðstjórnarafls." (Leiðréttum starfsstíl flokksins)

Að þróa lýðræðið, að dreifa lýðræðinu innan flokksins og "leyfa öllum að fá orðið" stefnir í raun að því að koma á enn betra miðstjórnarafli, til að sameina hugsun og starf meðlima, samkvæmt öreigasinnaðri byltingarlínu Maós formanns, og gera þeim kleyft að starfa sameiginlega að því að leiða byltingarsinnaðan fjöldann í baráttunni til að uppfylla þau verkefni, sem flokkurinn hefur lagt upp. Að gera lýðræði raunverulegt án miðstjórnarafls og einingar er tilgangslaust. Til að starfrækja lýðræðislegt miðstjórnarafl er nauðsynlegt að styrkja flokksmiðstjórnaraflið á grundvelli lýðræðis.

Meðlimir flokksnefnda verða að fylgja sameiginlegum aga alls flokksins, þ.e.a.s. "einstaklingurinn lútir aga samtakanna, minnihlutinn lútir aga meirihlutans, lægra stig lútir aga æðra stigs og allur flokkurinn lútir miðstjórninni." Þeir verða af ýtrustu samviskusemi að verja ákvarðanir, sem teknar eru sameiginlega og eru í samræmi við öreigasinnaða byltingarlínu Maós formanns. Þegar vandamál er rætt, eiga allir flokksnefndarmeðlimir að láta álit sitt í ljós og allir meðlimir eiga að framkvæma ákvarðanir, sem teknar eru eftir sameiginlegar umræður, og í því er þeir framkvæma ákvarðanirnar, eiga þeir að láta sitt eigið frumkvæði njóta sín og sköpunarkraft og taka á sig ábyrgð.

Jafnt forystan sem meðlimir mega ekki taka upp hjá sjálfum sér að endurskoða ákvarðanir, teknar af flokksnefndum og fara sínar eigin leiðir í samræmi við eigin óskir. Flokkur okkar er flokkur með aga. Sá sem aðeins vill, að aðrir hlusti á hans skoðanir og framkvæmir ekki ákvarðanir, teknar sameiginlega, og sá sem aðeins vill frumkvæði einstaklingsins og setur sig gegn sameiginlegum aðgerðum og sá sem að bendir á það starf, sem honum hefur verið falið og lítur ekki á hið sameiginlega starf - honum er hætt við að verða einangrunarhugsunarhætti að bráð og grefur undan miðstjórnaraflinu og einingu flokksins.

Ef þetta gerist, hvernig er þá hægt að framkvæma öreigasinnaða byltingarlínu Maós formanns? "Agi er trygging fyrir framkvæmd línunnar." "Hver sem brýtur gegn aganum eyðileggur einingu flokksins." Við verðum stöðugt að hafa þessi orð Maó formanns í huga og stöðugt auka tilfinningu okkar fyrir aga flokksins.

Svo lengi sem flokksnefndirnar færa út lýðræðislega miðstjórnaraflið, styrkja sameiginlega forystuliðið og viðhalda fjöldalínunni, koma þeir til með, undir leiðsögn miðstjórnar flokksins með Maó formanni í fararbroddi, að framkvæma til fullnustu hlutverk sitt sem framvarðarsveit öreiganna, og gera enn raunverulegra leiðandi miðstjórnarafl flokksins. Í skýrslu um endurskoðunina á flokkslögunum, segir Wang Hung-wen:

"Skipulagslega séð á miðstýrða forysta flokksins að koma í ljós á tvennan hátt: í fyrsta lagi hvað viðkemur sambandinu milli tveggja skildra samtaka á sama stigi, af hinum sjö deildum - iðnaði, landbúnaði, verslun, menningu og menntun, her, ríkisstjórn og flokki - er það flokkurinn, sem er leiðandi á öllum sviðum: flokkurinn á sér enga hliðstæðu meðal annarra samtaka og því síður undir leiðsögn nokkurra annarra. Í öðru lagi hvað viðkemur sambandinu milli hærra og lægra stigs, lútir lægra stigið því hærra og allur flokkurinn lútið miðstjórn."

Hvað viðkemur sambandinu milli flokksnefnda og annarra samtaka á sama stigi, geta flokksnefndir aðeins tekið á sig ábyrgðina að leiða allar aðrar deildir og vera raunverulega leiðandi, ef þær tileinka sér lýðræðislegt miðstjórnarafl og ná samstöðu í hugsun, pólitík, skipulagi, forystu og starfi á grundvelli öreigasinnuðu byltingarlínu Maós formanns.

Þegar um er að ræða að lúta leiðsögn miðstjórnar og ákvörðun flokksnefnda á hærra stigi, er það einnig trygging fyrir því, að þær verði framkvæmdar og starfað sé samkvæmt lýðræðislega miðstjórnaraflinu. Það verður trygging fyrir því, að línan, meginreglur og pólitíkin, sem miðstjórnin leggur fram, verði framkvæmdar, og einnig leiðbeiningar og ákvarðanir flokksnefnda á hærra stigi. Miðstjórnarforysta flokksins leiðir ekki til neins, ef flokksnefndir tileinka sér ekki lýðræðislegt miðstjórnarafl, þ.e.a.s. ef þær leyfa aðeins einum, tveim eða nokkrum að fá lokaorðið, þá leiðir það til þess að hópmeðlimir eru ekki einhuga í hugsun. Þeir halda áfram, en hver sína leið.

Maó formaður hefur sagt:

"Ritari eða vararitari, sem lætur sig engu skipta áróður og skipulagsstarf meðal sinna eigin hópmeðlima, hefur ekki skilning á góðu sambandi við nefndafulltrúa og rannsaka ekki hvernig best er hægt að ná árangri á fundum, hann kemur til með að eiga erfitt með að leiða sinn hóp með góðum árangri." (Vinnuaðferðir flokksnefnda).

Til að geta tileinkað sér með árangri lýðræðislegt miðstjórnarafl er nauðsynlegt fyrir hópleiðarana að skilgreina mál og hluti, sem snerta hópmeðlimi og fylgjast náið með að sterku hliðar sérhvers meðlims fái notið sín, með því að þeir sjálfir starfi á lýðræðislegan hátt. Aðeins ef hóparnir starfa á lýðræðislegan hátt og veita frumkvæði hvers meðlims frelsi, geta þeir sameinað fólk "úr öllum hlutum landsins" og "leyft öllum að láta í ljós skoðanir sínar". Öll deildin sameinast í að tileinka sér öreigasinnaða byltingarlínu Maós formanns og "leiðir tugi milljóna manna í baráttu og uppbyggingu".

Grundvöllurinn - heimsskoðun framvarðarins.

10unda flokksþingið hvatti okkur til að gagnrýna endurskoðunarstefnuna og borgaralegu heimsskoðunina. Þetta er mikilvægt, svo hægt sé að nema vel lýðræðislega miðstjórnaraflið. Hversu vel eða illa flokksnefndir nema lýðræðislega miðstjórnaraflið. er alltaf nátengt heimsskoðun hópmeðlima.

Aðeins þegar flokksmeðlimur hefur tileinkað sér öreigaskoðun og setur alltaf fremst hagsmuni flokksins og byltingarinnar, í anda lýðræðis í flokksstarfinu, og þora að láta í ljós skoðanir sínar skriflega um höfuðspursmál um rétt og rangt varðandi línuna, þá aðeins getur hann, samkvæmt hagsmunum flokksins, gagnrýnt og komið með tillögur varðandi galla og vandamál varðandi starfið, tekið skýra afstöðu. Aðeins á þennan hátt getur hann meðhöndlað á réttan hátt sambandið milli einstaklinga og samtaka, milli minnihluta og meirihluta, milli lægra og hærra stig, og af kostgæfni tryggt einingu í flokksnefnd og tileinkað sér ákvarðanir hennar.

Borgaraleg heimsskoðun er í algerri andstöðu við lýðræðislegt miðstjórnarafl. Þeir sem hafa slíka heimsskoðun geta ekki haft rétt viðhorf til lýðræðisins í flokksstarfinu og geta heldur ekki farið eftir aga flokksins. Oftast tala þeir um og meðhöndla vandamál út frá sínum eigin hagsmunum og í ljósi persónulegs tjóns eða hagnaðar. Þeir koma sér í óhagganlega aðstöðu og krefjast þess, að aðrir taki tillit til þeirra, án þess að þeir taki tillit til annarra. Þeir eru hræddir við að taka á sig ábyrgð og vilja koma sér í mjúkinn hjá öllum. Þegar þeir í hugleysi sínu verja það sem rétt er og vísa á bug því sem er rangt, taka þeir á sig svip þess að vera "vel að sér og vera réttu megin" og "segja eins lítið og mögulegt er". Ef slíkur starfsstíll fengi að ráða, yrði lýðræðislegt miðstjórnarafl úr sögunni. Um leið og þær framkvæma lýðræðislegt miðstjórnarafl, verða allar flokksnefndir að umbreyta heimsskoðun hópmeðlima sinna. Þær verða að sjá til þess, að sérhver lesi af kostgæfni og nemi í ljósi þess, sem þeir velta fyrir sér og þeir noti afstöðu marxismans-lenínismans og hugsun Maós Tsetungs, skoðun hans og aðferð til að sjá og meðhöndla vandamálið.

Þýtt úr Peking Review 47, 1974 /R.L.

Vaxandi samstaða þriðja-heimsins gegn heimsvaldastefnunni

Nóatúni 26
R

Sérstakt þing allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um hráefni og þróunarmál var haldið dagana 10-24. apríl þessa árs. Á þessu þingi komu þróunarlöndin fram sem ein fylking gegn kúgunar- og arðránstökum heimsvaldastefnunnar. Samfara dýpkandi heimskreppu auðvaldsins reynir alheimsauðvaldið að viðhalda gróða sínum með því að herða kúgunartök sín á vanþróuðu ríkjunum. Gegn öllum slíkum tilraunum munu vanþróuðu ríkin berjast, og hefur skapast með þeim víðtæk samstaða. Af þeim hundrað ræðumönnum, sem til máls tóku á þinginu, voru flestir frá þróunarlöndunum.

Réttlát fordæming - réttlátar kröfur.

Eitt aðaleinkenni á ræðum fulltrúa þróunarlandanna var, að þeir, með því að vitna til óteljandi staðreynda og óhrekjanlegra tölfræðilegra vitnisburða, fordæmdu heimsvaldastefnu, nýlendustefnu og ný-nýlendustefnu fyrir þau glæpaverk að arðræna, kúga og þrælka íbúum Asíu, Afríku og Latnesku Ameríku með ýmsum ráðum. Afleiðingarnar af óhæfuverkum heimsauðvaldsins eru þær, að bilið milli fátækra þjóða og ríkra hefur enn breikkað og heimsvaldalöndin standa í vegi fyrir því, að efnahagur fátæku ríkjanna fái að þróast.

Fulltrúar margra Afríkuríkja bentu á, að Afríka hefur í náttúruauðlindum sínum 53 mikilvægustu tegundir málma og annarra iðnaðarhráefna úr jörð, sem nauðsynleg eru hverju ríki til iðnþróunar, að Afríka hefur ríkar kolanámur og 40% af vatnsafli jarðarinnar. Þrátt fyrir þetta sé iðnaður álfunnar vanþróaður, atvinnuleysi landlægt og margar þjóðir rúnar grundvallarmannréttindum - réttindum til að lifa en deyja ekki úr hungri og næringarskorti.

Heimsvaldaríkin, og þó sérstaklega stórveldin tvö, hafa arðrænt þróunarlöndin með því að beita óréttlátum vöru- og verðmætaskiptum. Þetta var afhjúpað af fulltrúum þriðja heimsins og stutt óhrekjanlegum rökum. Þeir bentu á, að í áraraðir hefur verð á landbúnaðarvörum og hráefnum til iðnaðar, sem þróunarlöndin flytja út, verið óbreytt eða jafnvel lækkað, meðan verð á fullunnum iðnaðarvörum, sem þau flytja inn, hefur tífaldast í verði. Slíkt óréttlæti sem heimsvaldalöndin skapa og viðhalda til að auka gróða sinn, gerir illmögulegt, ef ekki ómögulegt, fyrir lönd þriðja heimsins að þróast áfram efnahagslega og bæta lífsskilyrði fólksins.

Fulltrúi Quatar, sem er eitt af olíuframleiðslulöndunum, benti á, að af hverjum dollara, sem neytendur olíu í heimsvaldalöndunum borguðu fyrir hann, fengju olíuframleiðslulöndin minna en 10 cent, hitt færi í vasa olíuauðhringana og til ríkis viðkomandi landa. Fulltrúi Íraks benti á, að á árinu 1973 hefði gróði olíuauðhringa heimsvaldalandanna numið meira en 8.000 milljónum bandaríkjadala, sem er meira en heildarfjárfesting þeirra á tímabilinu 1954-1973. Forseti Alsír, Houari Boumediene, sýndi fram á það í ræðu sinni, að gróði sá, sem erlend auðfélög hefðu farið með út úr þróunarlöndunum á tímabilinu 1965-1970 næmi 23.000 milljónum Bandaríkjadala.

Utanríkisráðherra Albaníu, Nesti Nase, benti á það í ræðu sinni, að stórveldin tvö, USA og USSR, hafi aldrei og muni aldrei láta af hendi svo mikið sem einn dollara eða eina rúblu sem "aðstoð" til þróunarlandanna, án þess að íhuga fyrst sína eigin pólitísku,-hernaðarlegu,-efnahagslegu-eða aðra hagsmuni.

Fulltrúar þróunarlandanna voru sammála um, að lönd þriðja heimsins geta ekki lengur þolað þetta óréttláta ástand. Þeir lýstu því yfir, að lönd þriðja heimsins krefðust fullra yfirráða yfir sínum eigin auðlindum og að milliríkjaverslun verði á jafnréttisgrundvelli. Samstaða var meðal allra þróunarlandanna að brjóta niður núverandi óréttlát efnahagsskipti ríkra landa og fátækra sem heimsvaldalöndin reyna að viðhalda, og byggja upp ný alþjóðleg efnahagsviðskipti á jafnréttisgrundvelli.

Fulltrúar heimsvaldalandanna voru dauðhræddir við þann einhug, sem ríkti meðal þróunarlandanna. Þeir gerðu ýmist að reyna að leiða umræðurnar frá kjarna málsins með því að tala fagurlega um að heimurinn væri ein efnahagsleg heild og að sjálfsögðu skyldi þar ríkja jafnrétti og lýðræði, eða að þeir beinlínis hótuðu þróunarlöndunum. Þannig varaði fulltrúi USA lönd þriðja heimsins við því að sameinast og sagði að stjórn sín myndi ekki þola að "gengið yrði of langt í kröfugerð af þeirra hálfu." Fulltrúi Sovétríkjanna talaði fagurlega um gildi friðsamlegrar sambúðar, án tillits til þess, hvort ríki væru fátæk eða rík og að umfram allt mætti ekki stofna heimsfriðnum í hættu. Fulltrúi Tansaníu var einn þeirra, er svaraði tilraunum heimsvaldaríkjanna til að leiða umræðurnar frá kjarna málsins, og í ræðu sinni sagði hann meðal annars:

"Það getur ekki verið um að ræða neina endanlega friðsamlega sambúð milli fátæktæktar og allsnægta, á milli þróunar og vanþróunar. Núverandi ástand þriðja heimsins er afleiðing nýlendustefnu og árangur rányrkju heimsvaldastefnunnar. Við ætlum að binda endi á þetta ástand.

Undir þessi orð tók fulltrúi Guinea og hann lýsti enn fremur yfir:

"Fátæku löndin standa í miskunnarlausri baráttu gegn ríku löndunum. Þetta er miskunnarlaus barátta sökum þess, að ríku löndin reyna sífellt að viðhalda yfirráðum sínum og yfirburðum á kostnað fátæku landanna. Við sköpuðum ekki kenninguna um fátæk lönd og rík, það gerðuð þið. En við ætlum að brjóta hana niður."

Leiðandi fyrir lönd þriðja heimsins var Alþýðulýðveldið Kína, ásamt hinum sósíalísku ríkjunum, Albaníu og Kóreu. Í ræðu Teng Hsiao-ping, fulltrúa Alþýðulýðveldisins Kína, var ráðist harkalega á stórveldin tvö og heimsvaldastefnuna. Teng Hsiao-ping fjallaði m.a. um ástandið í heiminum í dag og sagði þá:

"Í dag er ástandið í heiminum mjög hagstætt þróunarlöndunum og alþýðu heimsins. Í sífellt ríkara mæli er grafið undan gamla skipulaginu, sem byggist á nýlendustefnu, heimsvaldastefnu og stórveldastefnu, og undirstöður þess bresta. Alþjóðasamskipti eru að fara í gegnum róttækar breytingar. Allur heimurinn

FRAMHALD Á BAKSÍÐU



Fagnaðarlæti fulltrúa þriðja heimsins við inngöngu Kína í Sameinuðu Þjóðirnar. Ástæðan er stuðningur Kína við þessi lönd, sem berjast gegn heimsvaldastefnu ríku þjóðanna.

Ástæðurnar fyrir afsögn Brandts

Að baki afsögn Willy Brandts leynast pólitískar og efnahagslegar ástæður. Það er nú að verða ljóst, að njósnamálið er aðeins fyrirsláttur, meðan hinar raunverulegu ástæður liggja mun dýpra.

Það eru mörg merki þess, að grundvöllur núverandi stjórnarkreppu séu pólitískar og efnahagslegar ástæður. Ein af þeim er hin misheppnaða efnahagsstefna leiðtoga Sósíaldemókrataflokksins og þverrandi áhrif hans, sem komu í ljós í ósigrum hans í kosningunum í sumum löndum sambandslýðveldisins.

Þegar Brandt komst til valda 1959, ga gaf hann mörg loforð um "auðsæld, vellíðan og sættir milli stéttanna". Hinir svikulu foringjar verkalýðsfélaganna úr röðum Sósíaldemókrataflokksins, hvöttu verkalýðinn til að leggja niður verkfallsbaráttuna, því V-Þýskalands, sögðu þeir, hefði "mjög alþýðlegan Kanslara". Loforðin reyndust aðeins lýðskrum.

Verkfallsaldan hefur algerlega kollvarpað goðsögninni um hinn svokallaða stéttafrið. Í upphafi þessa árs kom til verkfalla um 2ja milljóna starfsmanna ríkis og bæja. Mikil verkföll voru einnig boðuð af póstmönnum og starfsmönnum við samgöngur í borgunum, meir en 3 milljónir verkamanna í málmiðnaðinum hafa boðað allsherjarverkfall, verði ekki gengið að kröfum þeirra um hærri laun. Það er áhyggjuefni fyrir Sósíaldemókrataflokkinn, að stór hluti verkfallanna er boðaður án samþykkis verkalýðsforingjanna. Verðlag á lífsviðurværi fer stöðugt hækkandi. Verðbólga og orkuskortur hafa komið jafn illa niður á V-Þýskalandi og öðrum auðvaldslöndum. Þetta hefur í eitt skipti fyrir öll afhjúpað goðsögnina um hið svokallaða efnhagsundur og opinberað fögur loforð Brandt sem lygaáróður.

Það var þessi efnahagslegi ósigur sem að því er virðist neiddi forystumenn Sósíaldemókrataflokksins til að samþykkja í flíti (þ.e.a.s. ef þeir hafa ekki sjálfir þríst á) afsögn Brandt.

Önnur ástæða fyrir afsögn Brandt og núverandi pólitískrar kreppu í sambandslýðveldinu er einnig ofsalegar deilur stórkapítalista landsins vegna austur stefnu Brandt, sem er ekki öllum að skapi.

Sú spurning vaknar, hver verða áhrifin af afsögn Brandt og núverandi pólitískrar kreppu, á stefnu V-þýsku stjórnarinnar? Eftirmaður Brandts, Shmidt, skýrði í hasti frá því að stefna stjórnar sinnar muni ekki á neinn hátt verða öðruvísi stefnu fráfarandi stjórnar. En eigi að dæma eftir fjölda fréttayfirlýsinga, munu breytingar eiga sér stað. Það eru öll merki þess að í framtíðinni muni V-Þýskaland taka upp hægrisinnaðri stefnu í innan- og utanríkispólitík sinni, nokkuð sem örugglega mun leiða til nýrrar kreppu.



Willi Brandt, svarinn fjandmaður verkalýðsins og sósíaldemókrati, sést krúpa á bæn og biðja guð almáttugann um að bjarga auðvaldinu.

Hvað svo sem gerast mun, er afsögn Brandt meira en dæmi um venjulega stjórnarkreppu, hún er í raun og veru túlkun á djúpri pólitískri og efnahagslegri kreppu sem ekki aðeins V-Þýskaland heldur gjörvallur auðvaldsheimurinn er í. -/hg

STÉTTABARÁTTAN Í HEIMINUM

ALÞÝÐA CHILE BERST GEGN KÚGUN OG HRYÐJUVERKUM FASISTASTJÓRNARINNAR

Þótt sex mánuðir séu liðnir frá valdatöku fasistaklíku Pinochets hefur ástandið í landinu haldist óbreytt - enn eru herlög í gildi og hryðjuverkastarfsemi hersins heldur áfram af fullum þunga. Húsrannsóknir og handtökur, sem hófust af miklum krafti eftir valdatökuna 11. september, eru enn daglegt brauð um allt landið og herdómsstólarnir kveða daglega upp marga dauðadóma. Herforingjaklíkan hefur komið aftur á fót fasísku hryðjuverkasamtökunum Patria e libertad og Rolandu Matus.

Jafnframt þessu hefur barátta alþýðunnar aukist. Verkamenn hafa gert verkföll, vopnaða baráttan styrkist dag frá degi og sífellt fleiri andspyrnuhópar verða til. Það er staðreynd að fasistagenerálarnir myndu ekki haldast við völd einn einasta dag ef ekki kæmi til hryðjuverkasveitir þeirra - sem njóta fulls stuðnings bandarísku heimsvaldasinnanna og leppa þeirra í S-Ameríku. Bandarísku heimsvaldasinnarnir undirbjuggu vandlega valdaránið í Chile og nú veita þeir leppum sínum geysilega aðstoð til þess að byggja upp kúgunarkerfið og sjá þeim fyrir miklu magni vopna í þeim tilgangi að styrkja herinn sem beitt er gegn baráttu fólksins fyrir lýðréttindum og þjóðlegu frelsi.

Villimannlegir glæpir Pinochetfasistaklíkunnar, efnahagsöngþveitið sem er afleiðing undirlægjunnar gagnvart USA-heimsvaldasinnunum, hafa leitt af sér mikla reiði alþýðunnar og móthverfurnar milli kúgaranna og hinna kúguðu hafa dýpkað geysilega. Greinilegur vitnisburður um þetta eru verkföll verkalýðsins sem nú ná yfir gjörvallt landið, árásir skæruliðahópanna og barátta námsfólks.

Í yfirlýsingum herforingjaklíkunnar er lögð áhersla á auknar öryggisaðgerðir vegna "hættunnar af aðgerðum andspyrnuhópanna." Nýlega bárust fréttir af því að föðurlandsvinir í Valparaiso hafi ráðist á tvo herflokka og fellt nokkra hermenn, einnig er hörð barátta í Santiago, þar sem herflokkar fasistanna hafa oft orðið að hörfa undan skothríð skæruliðasveita. Í Arenas sprengdu skæruliðar í loft upp skotfærageymslu hersins.

Þessir atburðir í Chile afhjúpa enn einu sinni að bandaríska heimsvaldastefnan er óvinur frelsis og sjálfstæðis þjóða, þeir afhjúpa einnig hræsni og fals hinnar svokölluðu nýju stefnu Nixonstjórnarinnar gagnvart löndum S-Ameríku, jafnframt þessu eru þeir enn frekari afhjúpun á sósíalheimsvaldasinnunum í Kreml sem nota slagorð um "friðsamlega breytingu" frá kapitalisma til sósíalisma og "við flytjum ekki út byltingu" til þess að dylja hið and-byltingarsinnaða makk sitt við USA-heimsvaldasinnana og stuðning sinn við einræðisstjórnir í S-Ameríku.

Af biturri reynslu hefur hin frelsisunnandi alþýða Chile dregið sína lærdóma. Hin vaxandi vopnaða andspyrna sýnir að alþýða Chile mun rísa sem einn maður og kasta af sér oki kúgunarinnar og arðránsins og ná að lokum frelsi og sjálfstæði.
(Fréttastofa Albaníu)

PÓLSKIR ENDURSKOÐUNARSINNAR Í HLUTVERKI VERKFALLSBRJÓTA

Þegar breskir kolanámumenn heyja þrotlausa baráttu gegn auðvaldinu, þegar stuðningur fjölda verkalýðsins í Englandi og erlendis vex, þá gerast pólsku endurskoðunarsinnarnir verkfallsbrjótar.

Samkvæmt fréttum breskra fjölmiðla ákvað pólska stjórnin (á sama tíma og verkfall kolanámuverkamannanna stóð yfir), að auka strax útflutning kola til Bretlands - útflutningsmagnið var um 500 þús. tonn af fyrsta flokks kolum. Breska blaðið Sunday Telegraph skýrði frá því að kolaútflutningurinn hafi byrjað í lok febrúar. Þessi aðgerð hefur þann tilgang að aðstoða bresku auðmennina við að brjóta á bak hið kraftmikla verkfall námumannanna.
(Fréttastofa Albaníu)

FJÖLDAATVINNULEYSI MEÐAL ÆSKUFÓLKS Í AUÐVALDSHEIMINUM

Atvinnuleysið, stöðugur fylgifiskur auðvaldsskipulagsins, hefur aukist mjög að undanförnu í háþróuðustu auðvaldslöndunum. Orsakir þess er dýpkandi efnahagskreppa. Minnkandi atvinna kemur sérstaklega hart niður á yngri kynslóðunum, þeir fyrstu sem eru reknir á götuna og þeir síðustu sem fá vinnu eru unglingarnir. Samkvæmt opinberum tölum frá Bandaríkjunum er atvinnuleysi meðal æskufólks þrisvar sinnum meira hlutfallslega en meðal eldra verkafólks - einn af hverjum sjö æskumönnum fær hvergi vinnu. Í dönskum blöðum segir að einn fjórði atvinnulausra í Efnahagsbandalagslöndunum séu ungt fólk undir 25 ára aldri. Tölur frá Kanada gefa til kynna að 45% atvinnulausra séu undir 24 ára aldri. Tölur sem atvinnumálaráðuneyti Ítalíu hefur birt sýna að atvinnuleysi ungs fólks þar í landi er töluvert hærra en í flestum löndum Evrópu, meir en 700 þúsund piltar og stúlkur á aldrinum 14-29 ára hafa enga möguleika á því að fá atvinnu.

Í Frakklandi eru 66% þeirra sem útskrifast úr menntastofnunum atvinnulausir skrifar blaðið "Le Monde". Svipaða sögu er að segja í Englandi og Bandaríkjunum.


Það er eitt af einkennum ástandsins að jafnframt því sem tala atvinnulausra eykst almennt, og sérstaklega meðal æskufólks, verður stöðugt meira áberandi tilhneiging til arðráns á unglingum sem fá mjög lág laun fyrir vinnu sína. Samkvæmt upplýsingum Alþjóða vinnumálastofnunarinnar eru meir en 43 milljónir barna undir 15 ára aldri í auðvaldslöndunum neydd til þess að sjá fyrir sér með vinnu. Þessi staðreynd afhjúpar hið glæpsamlega eðli auðvaldsins sem svífst einskis til þess að sjúga út sem mestan gróða og "treður undir fótum öll mannleg lög" eins og Marx nefndi það.

"Velferðar" og "neyslu"þjóðfélög auðvaldsins eru innantóm slagorð, æska auðvaldslandanna kynnist því æ betur af eigin reynslu.
(Fréttastofa Albaníu)


PORTÚGAL

Þann 20. júní var ritfrelsið afnumið að nýju í Portúgal, en það var sett á eftir valdatöku Spínólastjórnarinnar. Þetta kemur í kjölfar þeirrar gífurlegu baráttu, sem verkalýðurinn hefur háð fyrir lýðræðinu og sívaxandi styrks byltingarsinnaðra samtaka. Afnám prentfrelsins er staðfesting á því, að borgaralega lýðræðið stendur mjög höllum fæti í Portúgal vegna vanmáttar borgarastéttarinnar gagnvart aukinni meðvitund verkalýðsstéttarinnar.

SEX EFSTU FRAMBJÓÐENDUR KSML


Gunnar Andrésson
Rafvirki


Sigurður Jón Ólafsson
Verkamaður


Ari Guðmundsson
Rafvirki


Alda Marinósdóttir
Tækniteiknari


Kristján Guðlaugsson
Kennari


Jón Atli Játvarðsson
Verkamaður

FRAMHALD AF FORSÍÐU

VIÐTAL VIÐ GUNNAR ANDRÉSSON.

kosningunum tekst borgarastéttinni því að telja verkalýðnum trú um, að hann geti ráðið einhverju um gang mála í þessu þjóðfélagskerfi arðráns og kúgunar.

- Ef maður á lista KSML nær kjöri, hvert verður þá starf hans á Alþingi ?

GA: Starf hans verður að afhjúpa borgaralega þingræðið og styðja baráttuna utan þingsins. Afhjúpa það hvernig borgarastéttin notar ríkisvaldið, sem er kúgunartæki til þess að tryggja völd og viðgang kapítalismans með því að setja lög og reglur, sem tryggja vaxandi gróða einokunarauðvaldsins og samtímis lækka laun verkalýðsins. Ef verkalýðsstéttin fær talsmann á alþingi, gæti hann ekki komið í veg fyrir að kjör verkalýðsins yrðu skert, en hann gæti stutt varnabaráttu verkalýðsins á þinginu með því að bera fram tillögur um að skattleggja gróða einokunarfyrirtækja, en létta sköttunum af verkalýðnum. Hann mun einnig krefjast úrsagnar Íslands úr Natô, til stuðnings við frelsisbaráttu kúguðu þjóðanna. -/HH

KSML byggja að öllu leiti á stuðningi verkafólks og þeim framlögum sem það lætur af hendi rakna. KSML hafa nú látið gera baráttusjóðsseðla sem eru til sölu hjá félögum samtakanna.



Rauða Stjarnan Bókabúð

Eins og skýrt var frá í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar, hefur verið opnuð á vegum Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna bókabúðin Rauða stjarnan. Bókabúðin verður fyrst um sinn til húsa að Skólastræti 3B, Reykjavík. Skólastræti er þvergata á Bankastræti, bak við "Bernhöftstorfu".

Allt útgáfuefni KSML er til sölu í Rauðu stjörnunni, en auk þess fást þar bæði bækur, bæklingar, blöð og tímarit, sem varða málefni verkalýðsstéttarinnar, sérstaklega baráttu hennar undan arðráni og kúgun auðvaldsins fyrir frelsi sínu og alræði. Þá liggja frammi blöð og tímarit til aflestrar, sem túlka afstöðu verkalýðsins út um víða veröld.

Rauða stjarnan einskorðar sig ekki eingöngu við hið skrifaða mál. Þannig fást einnig í búðinni hljómplötur. Er þar um að ræða tónlist eftir helstu snillinga verkalýðsstéttarinnar á því sviðinu við ljóð kunnra öreigaskálda, erlendra. Má hér nefna þá félaga Eisler og Bertholt Brecht, svo og Joe Hill.

Bókabúðastjórnin hefur gert ráðstafanir til kaupa á veggmyndum. Eru það veggmyndir sem túlka stéttabaráttuna eins og hún hverju sinni kemur listamanninum fyrir sjónir. Þá má ekki gleyma myndum af leiðtogum og hugmyndafræðingum marxismans-lenínismans. Með sölu og dreifingu slíkra "plakata" reisum við því einnig merki öreigalistar í myndtúlkun.

Það er augljóst hversu þýðingarmikið það er fyrir íslenskan verkalýð að eiga eigin bókabúð. Menn geta gengið að því vísu, að þar sé einungis að finna ritverk eða hljómverk, sem aðeins þjóna á einhvern hátt markmiði verkalýðsins - alræði öreiganna og sósíalismanum. Með því að versla við Rauðu stjörnuna fæst fullvissa fyrir því að ekki sé verið að svíkjast aftan að þér með borgaralegum áróðri í einhverju formi, t.d. því, að hitt eða þetta sé hlutlaust eða ópólitískt. Öll list er pólitísk. Hlutleysi er ekki til. Sá sem ekki tekur afstöðu til hins borgaralega þjóðfélags, sem hann býr í, leggur blessun sína yfir það með hlutleysi sínu. Hann styður hið rotna og viðurstyggilega grimma borgaralega þjóðskipulag.

Rauða stjarnan tekur afstöðu með verkalýðnum og fyrir verkalýðinn gegn borgarastéttinni. Það er hlutverk hennar að reisa varnarvegg íslenskrar og alþjóðlegrar öreigamenningar og skera upp herör gegn borgaralega áróðrinum, sem enn er að vísu næsta einráður hér á landi, fyrir sósíalismann.

Með stofnun Rauðu stjörnunnar er stigið skref fram á við fyrir marxismann-lenínismann á Íslandi. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika sem þessu er samfara, er verði samt öllu stillt mjög í hóf og yfirleitt mun lægra en almennt þekkist. Við beinum því þeirri áskorun til verkafólks og allra heiðarlegra stuðningsmanna verkalýðsstéttarinnar að efla Rauðu stjörnuna sem mest þeir geta. Fyrst um sinn, meðan enn er ekki fundið hentugt húsnæði, er bókabúðin opin á laugardögum frá 10-12 og 14-16 í Skólastræti 3B, en opnunardögum fjölgar í júní og verður það þá auglýst í Stéttabaráttunni.



Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Reitur til áskriftarmerkingar.



Um síðastliðin áramót hækkaði lausasöluverð STÉTTABARÁTTUNNAR töluvert, en sú hækkun átti að mæta þeirri miklu hækkun, sem var orðin á öllum kostnaði við gerð blaðsins. Síðan þá hefur íslenska auðvaldsþjóðfélagið haldið áfram sínu feigðarflani og miskunnarlaus lögmál stjórnlausu framleiðslunnar verða ekki stöðvuð.
Þar af leiðandi hrökk sú hækkun skammt og enn verðum við að hækka lausasöluverðið, úr 30 kr. (4ja síðna blað) og 40 kr. (8 síðna blað) í 50 kr. fyrir bæði blöðin.
Áskriftarverðið verður óbreytt :

Venjuleg áskrift:	400,oo
Stuðningsáskrift:	600,oo
Baráttuáskrift:	800,oo

Hálfsársáskrift er sem hér segir:

Venjuleg áskrift:	250,oo
Stuðningsáskrift:	350,oo,
Baráttuáskrift:	500,oo

Sendið nafn og heimilisfang til KSML, pósthólf 1357, Rvk.

Ástandið í Víetnam

Þrátt fyrir að nú sé liðið tæpt 1 1/2 ár frá undirritun Parísarsamkomulagsins er enn barist af mikilli hörku í S-Vietnam. Thieu klíkan hefur þverbrotið hvert ákvæði samkomulagsins í tilraunum sínum til að halda kúgunaraðstöðu sinni þar, og til að þjónka bandarísku heimsvaldastefnunni.

Örvænting heimsvaldasinnanna og leppa þeirra

Með ofsafenginni grimmd og hörku hins sigraða reynir USA-heimsvaldastefnan með fulltingi snata sinna í S-Vietnam að berja niður sigursæla baráttu fólksins, leggja í rúst þá miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað á frelsuðu svæðunum og ná að nýju kverkatökum á alþýðunni, hráefnalindum og mörkuðum. Í örvæntingarfullri tilraun sinni til að reyna að ýta á undan sér kreppunni sem þegar er farin að segja til sín í auðvaldsheiminum.

Thieu klíkan hefur frá því Parísarsamkomulagið gekk í gildi 365.000 sinnum brotið vopnahléið með beinni vopnaíhlutun, við þessa tölu bætast önnur form brota.

Hundruð þúsundir fanga, alþýðufólks og andheimsvaldasinnaðra stúdenta og menntamanna eru lokaðir inni í fangelsum og einangrunarbúðum, ásakaðir um að vera "hættulegir öryggínu". Það hlutskipti sem þeirra bíður þar er hungur og pyntingar.

Í Parísarsamkomulaginu stendur: "Bandaríkin skulu hverfa með allt herlið sitt frá S-Vietnam, og ekki blanda sér í innri málefni landsins". Bandarísku heimsvaldasinnarnir eru þekktir fyrir að virða ekki sjálfstæði annara þjóða, standi það í vegi fyrir þeim. Þetta hafa þeir sýnt áþreifanlega í Vietnam. Tugir þúsunda bandarískra hernaðarráðgjafa reyna stöðugt að herða upp og aðstoða vonlaust og örmagna herlið Thieu klíkunnar. Á síðasta fjárlagaári veittu bandaríkjamenn 1.600.000.000 dollara í beina hernaðaraðstoð við Saigonstjórnina. Nú mun Kissinger hafa farið fram á það að þessi fjárhæð verði hækkuð til muna, en eins og flestir muna var það einmitt hann sem skrifaði undir Parísarsamkomulagið og þáði friðarverðlaun Nobels fyrir.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir heimsvaldasinnanna og margar fleiri, lætur alþýðan ekki bugast - þvert á móti. Þjóðfrelsishreyfingunni og öðrum andheimsvaldasinnuðum öflum vex stöðugt ásmegin, stöðugt bætast ný svæði við þau, sem þegar hafa verið frelsuð af alþýðunni. Kúgararnir eru hraktir burt með allt sitt hafurtask og með sameinuðu átaki tekur fólkið til við endurskipulagningu og uppbyggingu svæðanna undir leiðsögn Þjóðfrelsisfylkingarinnar og Bráðabirgðabyltingarstjórnarinnar. Glæsilegar tölur og lýsingar á ástandi svæðanna sýna vel hvaða áhrif það hefur, er sköpunarmáttur alþýðunnar er leystur úr læðingi og skipulagður í þágu hennar sjálfrar.

6 liða tillögur Bráðabirgðabyltingarstjórnarinnar (PRR).

Í viðleitni sinni til að binda endi á þá miklu spennu, sem nú ríkir í S-Víetnam, þar sem Saigon-herinn með bakstuðningi USA brýtur vopnahléð mörgum sinnum á dag, þar sem eru stærstu fangabúðir heims fyrir pólitíska fanga, þar sem lýðræðisleg réttindi fyrir alþýðuna eru aðeins fjarlægur draumur, og til að sýna enn einu sinni, að hún ætlar að starfa í anda Parísarsamkomulagsins, hefur Bráðabirgðabyltingarstjórnin lagt fram 6 liða tillögu á grundvelli samkomulagsins um samskipti milli þeirra og Thieu-klíkunnar. Höfuðinntak tillaganna er friður.

1. Algert vopnahlé strax, sem nái til alls S-Víetnams.
2. Fyrir 30.6. '74 verði öllum óbreyttum borgurum og hermönnum sleppt lausum, sem teknir hafa verið til fanga bæði fyrir og eftir 28.1. '74, er Parsínarsamkomulagið gekk í gildi.
3. Tryggð verði full og óheft lýðræðisleg réttindi alþýðunnar.
4. Komið verði á laggirnar þjóðráði, sem á að tryggja sættir og einingu innan 3ja mánaða frá því að vopnahlé kemst á. Ráðið skal skipað fulltrúum frá báðum aðilum, er undirrituðu Parísarsamkomulagið og einnig frá "þriðja aflinu".
5. Haldnar skulu almennar kosningar til þjóðþings innan eins árs frá því þjóðarráðið er myndað. Þjóðþingið skal semja grundvallarlög og mynda ríkisstjórn fyrir S-Víetnam.
6. Lausn vandans varðandi aðilana í S-Víetnam skal vera í anda sáttar og einingar og á grundvelli jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar, án erlendrar íhlutunar og með tilliti til þess eftirstríðsástands, sem mun ríkja. Eftir kosningar og stjórnarmyndun, skal byggja upp sameiginlegan her, til að vernda friðin og sjálfstæðið - her sem starfar í þágu alþýðunnar.

KSML lýsa yfir fullum stuðningi við 6 liða tillögu PRR.

-/HG



Kommúnistasamtökin m-l minntust 5 ára afmælis Bráðabirgðabyltingarstjórnar Suður-Víetnams, sem var 6. júní s.l. með göngu og útifundi við Miðbæjarskólann. Myndin hér að ofan er frá útifundinum, en þar töluðu Ólafur Ingólfsson og Kristján Guðlaugsson.

KSML og Komintern... framhald af bls.5

framhald af bls.5

ekki byltingarsinnuð, sýnir aðeins að þeir gera engan greinarmun á verkalýðsstéttinni sem heild og faglegum samtökum hennar og hluta hennar sem skipulagt hefur sig í framvarðarsveit stéttarinnar - kommúníska byltingarflokkinn. Þeir skilja ekki að það er aðeins í gegn alhliða tengsl flokksins við samtök verkalýðsins (þ.á.m. verkalýðsfélögin) sem flokknum tekst að leiða verkalýðsstéttina fram, sem órjúfandi heild, til sigurs yfir kapitalismanum, ekki með því að blanda saman flokknum og verkalýðsfélögunum eins og minnihlutinn hefur gert. Það er nefnilega þannig að þegar leiðandi minnihlutamenn uppgötvuðu að uppkeypti skríllinn í forystu verkalýðsfélaganna væru fjandmenn sósíalismans og allrar fjöldabaráttu verkalýðsins, drógu þeir smáborgaralegar niðurstöður af því, vegna þess að þeir skilja ekki nauðsyn sérstaks skipulags flokksins annars vegar og opinna samtaka stéttarinnar hins vegar. Þeir blanda þessu öllu saman og segja því það sama um verkalýðsfélögin og flokkur verkalýðsins segir um borgaralegu verkalýðsflokkana, sem eru fimmta herdeildin innan raða verkalýðsins, sem er rétt þegar það á við um flokkinn en en ekki verkalýðsfélögin. Þessi hræðsla minnihlutans við að starfa í afturhaldssömum verkalýðsfélögum hefur sama stéttarlega bakgrunninn og "vinstri" hentistefnumennirnir, sem Lenín skilgreindi í bók sinni "Vinstri róttækni", sem földu smáborgaralega afstöðu sína með "byltingar" slagorðum.

Til þess að geta brugðist á réttan hátt við stöðugt fjölþættara starfi í íslensku stéttabaráttunni verða KSML að leggja mikla rækt við að rannsaka allt starf og rannsóknir Komintern og þá sérstaklega Kommúnistaflokks Íslands, sem var deild úr Komintern.

Þetta gerum við í þeim tilgangi að læara af sögunni og móta rétta bardagaaðferð í stéttabaráttunni, en við höfnum öllum "nýjum" og að mestu órannsökuðum fullyrðingum nýmóðins "marxistanna".

-/GA

SAMSTAÐA ÞRIÐJA HEIMSINS... framhald af bls.7

framhald af bls.7

er í umróti og ókyrrð."..."Þessi "ókyrrð" sýnir skerpingu allra grundvallarmóthverfa heimsins í dag. Hún flýtir fyrir klofningi og hnignun hinna rotnu afla afturhaldsins og örvar vöxt og meðvitund alþýðuaflanna, sem hvarvetna spretta fram."

Þá fordæmdi Teng Hsiao-ping arðrán og kúgun heimsvaldalandanna á löndum þriðja heimsins. Hann benti á, að samfara dýpkandi heimskreppu yxi hættan á nýju heimsvaldastríði og að svo lengi sem til væri heimsvaldastefna, þá væri engin trygging fyrir friði. Teng Hsiao-ping afhjúpaði þær viðurstyggilegu aðferðir, sem sósíalheimsvaldasinnarnir nota til að arðræna og kúga þróunarlöndin. Hann setti fram afstöðu Kína til vandamála þróunarlandanna og yfirráða þeirra yfir auðlindum sínum. Þá sagði hann m.a.:

"Kína er sósíalískt ríki, og ennfremur þróunarland, Kína tilheyrir þriðja heiminum. Kínverska stjórnin og þjóðin fylgja kenningum Maós Tse-tungs og styðja stöðugt af heilum hug alla kúgaða alþýðu og kúgaðar þjóðir í baráttu þeirra fyrir sjálfstæði eða til að verja sjálfstæði sitt, til að þróa áfram efnahag sinn og berjast gegn nýlendustefnu, heimsvaldastefnu og stórveldastefnu. Þetta er heilög skylda okkar við alþjóðahyggjuna."

Lönd vilja sjálfstæði, þjóðir vilja frelsi, fólkið vill byltingu. Þetta sannaðist áþreifanlega á þingi Sameinuðu þjóðanna um þróunarmál og hráefni. Kröfur alþýðu þriðja heimsins munu rísa og verða að miklu og sterku afli í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni.

Lifi alþjóðahyggja öreiganna!

-/ÓI